

Ársskýrsla Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar 2022



Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Ritstjóri: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Texti: Eyrún Helga Ævarsdóttir
Dagur Snær Guðmundsson
Sigríður Guðný Björgvinsdóttir
Snæbjörn Brynjarsson
Sandra Björg Stefánsdóttir

Myndir: Starfsmenn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Útgefandi: Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Litlubrú 2, 780 Höfn í Hornafirði
Sími: 470-8050
Útgáfa: Júní 2023



Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Atvinnu- og menningarmálanefnd	4
Stefnumótun menningarmála sveitarfélagsins	5
Styrkir	6
Menningarmiðstöðin	7
Listasafn Svavars Guðnasonar.....	15
Byggðasafn	22
Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu.....	24
Rannsóknarsvið.....	29
Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu.....	32
Viðauki 1.....	34
Viðauki 2.....	36
Viðauki 3.....	43
Viðauki 4.....	45
Viðauki 5.....	54



Formáli

Menningarmiðstöð Hornafjarðar er staðsett í Nýheimum og samanstanda Nýheimar af ólíkum stofnunum. Á efri hæð Nýheima er Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu með aðsetur og á neðri hæð Nýheima er Náttúrustofa Suðausturlands, Fræðslunet Suðurlands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands, Nýheimar Þekkingarsetur, Vatnajökulspjóðgarður og Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Einnig eru leigðar út skrifstofur til sjálfstætt starfandi frumkvöðla og þá má finna í húsinu nemendaaðstöðu sem háskólanemar fá afnot af.

Starfssvæði stofnunarinnar er Sveitarfélagið Hornafjörður. Stofnunin varð til árið 1990 með sameiningu nokkurra safna. Heiti hennar var upphaflega Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu en breyttist árið 2001 í Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Árið 2020 voru atvinnu- og ferðamál sameinuð Menningarmiðstöð Hornafjarðar og því er Menningarmiðstöðin nú miðstöð menningar, atvinnu og ferðamála í sveitarfélaginu.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar starfar eftir gildandi lögum um starfsemi safna, safnalögum, lögum um skil á menningarverðmætum og þjóðminjalögum, bókasafnslögum, lögum um opinber skjalasöfn og siðareglum ICOM. Einnig starfar stofnunin eftir siðareglum og viðmiðum sem höfuðsöfn setja um starfsemi safna, varðveislu og meðferð muna. Innan Menningarmiðstöðvarinnar eru starfrækt sex söfn ásamt atvinnu-, ferða- og rannsóknarsviði sem starfar þvert á einingarnar. Söfnin eru byggðasjóminja-, náttúrugripa-, lista-, bóka-, héraðsskjalasafn og innan Menningarmiðstöðvarinnar eru sex og hálf stöðugildi.

Sýningar á vegum safnanna eru mikilvægur þáttur í safnastarfinu og hér leggjum við áherslu á sérstöðu Hornafjarðar og þess samfélags sem er og var. Í dag eru opnar sýningar í bókasafninu, verbúðinni í Miklagarði og Svavarssafni og unnið er að því að efla sýningarstarf í sveitarfélaginu. Menningarmiðstöðin leggur mesta áherslu á miðlun og fræðslu menningararfs Hornafjarðar, skrásetningu hans og varðveislu til framtíðar, þróunar á atvinnustarfsemi og á ferðamannaiðnaðinum. Einnig verður æ ríkari áhersla lögð á rannsóknarstarf og ekki síst miðlun þess starfs til almennings og þátttöku barna og unglinga á þeim vettvangi. Önnur meginmarkmið Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar eru að hlúa að því öfluga og fjölbreytta menningarstarfi sem til staðar er í sveitarfélaginu og að efla atvinnustarfsemi og uppbyggingu ferðamannastaða í sveitarfélaginu. Að efla vitund fólks um sérkenni og menningararf héraðsins og halda þeim sérkennum við með fræðslu, kynningu og beinum aðgerðum. Starf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er fjölbreytt og skapandi og eru það einstök forréttindi að vinna við menningu og listir og að miðla áfram menningu og þeirri sögu sem munir safna miðstöðvarinnar hafa að geyma er mjög gefandi. Starf Menningarmiðstöðvarinnar er breytingum háð og hefur síðasta ár ekki gefið eftir í þeirri þróun sem starfið tekur. Tæknin var nýtt af bestu getu og hefur kennt okkur mikið og margt sem við tökum með okkur inn í framtíðina.

Eyrún H. Ævarsdóttir

Eyrún Helga Ævarsdóttir,
forstöðumaður 06.6.2023.



Atvinnu- og menningarmálanefnd

Eftirfarandi nefndarmenn eru kjörnir til setu í atvinnu- og menningarmálanefnd eftir bæjarstjórnarkostningar 2022.

Aðalmenn:

- Sigrún Sigurgeirsdóttir, formaður (K)
- Hjördís Edda Olgeirsdóttir, varaformaður (D)
- Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir (K)
- Steindór Sigurjónsson (D)
- Gunnar Ásgeirsson (B)

Varamenn

- Emil Örn Morávek (K)
- Þorgrímur Tjörvi Halldórsson (K)
- Tinna Rut Sigurðardóttir (D)
- Níels Brimar Jónsson (D)
- Bjarni Ólafur Stefánsson (B)

Fráfarandi nefndarmenn eru:

Aðalmenn:

- Kristján Sigurður Guðnason, formaður (B)
- Hólmfríður Þrúðmarsdóttir, varaformaður (B)
- Bjarni Ólafur Stefánsson (B)
- Páll Róbert Matthíasson (D)
- Sigrún Sigurgeirsdóttir (E)

Varamenn:

- Guðrún Sigfinnsdóttir (B)
- Steinunn Hödd Harðardóttir (B)
- Guðmundur Gunnarsson (B)
- Bryndís Björk Hólmarsdóttir (D)
- Sigurður Einar Sigurðsson (E)



Stefnumótun menningarmála sveitarfélagsins

Atvinnu- og menningarmálanefnd hélt 12 fundi á árinu og starfaði einnig með öðrum nefndum í samvinnuverkefnum. Unnin var menningarstefna sveitarfélagsins 2016 og gildir hún til ársins 2026.

Í henni er eftirfarandi lagt til grundvallar:

- Að efla menningarstarf í sveitarfélaginu Hornafirði.
- Varðveita og rækta sérkenni, menningararf og sögu svæðisins.
- Styðja við menningartengda ferðaþjónustu.
- Styðja við menningarstarfsemi einstaklinga og frjálsra félaga.
- Bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu varðandi geymslumál Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.
- Hlúa að þjónustuhlutverki og menningarstarfsemi Menningarmiðstöðvar.
- Hvetja til samstarfs á sviði menningarmála.
- Styðja við starfsemi listamanna í sveitarfélaginu.
- Styðja við og efla fjölmenningu innan sveitarfélagsins.
- Eiga samstarf um framkvæmd menningarstefnu við menntastofnanir sveitarfélagsins.
- Vinna áfram að samstarfi sveitarfélaga um menningarmál og að Sveitarfélagið Hornafjörður eigi áfram hlut að samningi við ráðuneyti málaflokksins og SASS. Félagsheimili sveitarfélagsins verði nýtt undir félagsaðstöðu og fjölbreytt menningarstarf.



Styrkir

Áætlaður rekstrarstyrkur Menningarmiðstöðvarinnar á árinu vegna Sóknaráætlunar Suðurlands 2020-2024 var fimm m.kr. samkvæmt samningi við SASS.

SASS

Verkefnastykir

- Húskveðja 600.000 kr.
- Blámi 700.000 kr.
- Mannvist á Mýrum – Fornbýli í landslagi 300.000 kr.
- Krakka og ungmennaklúbbur Svavarssafns 400.000kr
- Rithöfundakvöld MMH 350.000 kr.
- Rekstrarstyrkur 5.000.000 kr.

Safnasjóður

- Skráning safneignar í Sarp 1.200.000 kr.
- Forvarsla listaverka Svavarssafns 1.800.000 kr.

Þjóðskjalasafn

- Rekstrarstyrkur 699.648 kr.
- Verkefnastykir 930.000 kr.

Barnamenningarsjóður

- Smiðjur 1.360.000 kr.

Umhverfisráðuneytið

- Kvísker 12.000.000

Sérstakar þakkir eru færðar þeim sem stutt hafa við starf Menningarmiðstöðvarinnar.



Menningarmiðstöðin

Starfsstefna

Starf Menningarmiðstöðvarinnar er unnið eftir starfsstefnu sem tók gildi árið 2021. Sjá viðauka 5.

Stöðugildi og starfsmenn

Forstöðumaður Menningarmiðstöðvarinnar er Eyrún Helga Ævarsdóttir og er í 100% starfi. Tim Junge starfsmaður byggðasafnsins er í 75% stöðu. Á listasafni var Auður Mikaelsdóttir í 100% stöðu, en Auður fór í barnsburðarleyfi og sagði starfi sínu lausu í upphafi árs 2023. Í hennar stað vinnur nú Snæbjörn Brynjarsson. Halldóra Jónsdóttir lét af störfum sem héraðsskjalavörður um mitt árið 2022 og í hennar stað var ráðinn Dagur Snær Guðmundsson í 100% stöðu, Sigríður Guðný Björgvinsdóttir vinnur við fornleifaskráningu á rannsóknarsviði í 100% stöðu, um atvinnu og ferðamál sér Árdís Erna Halldórsdóttir í 100% og bókavörður er Sandra Björg Stefánsdóttir í 80% stöðu.

Húsnæði Menningarmiðstöðvarinnar

Aðstaða Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er ágæt þegar litið er til skrifstofupláss en við breytingar í starfsmannamálum hefur stofnunin þurft að fá úthlutað einni skrifstofu til afnota í Nýheimum. Vöntun er á geymsluaðstöðu og þá er sama í hvaða horn er litið. Héraðsskjalasafnið er með aðstöðu í Nýheimum og er það ein lokað og læst skjalageymsla. Geymslan er nánast full en þörf er á að taka til og fjarlægja hluti sem ekki eiga að vera þar. Frumpakka og endurpakka þarf talsverðu magni af skjölum, bæta við hilluplássi.

Leggja þarf frekari áherslu á að koma geymslum á Álaleiru í stand, öryggiskerfið hefur verið lagað og búið er að kaupa hillur í bilið og unnið var að því að koma þeim upp í nýja geymslubílinu. Koma þarf mununum af gólfinu til að hægt verið að koma munum sem standa úti, á plani Álaleiru, inn.



Samstarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og IceAg:

Menningarmiðstöð Hornafjarðar hefur stutt IceAg með upplýsingagjöf og skipulagningu viðburðar

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Náttúrustofa Suðausturlands:

Vinna að upplýsingaskiltum

Menningarmiðstöð Hornafjarðar, fjölmenningsfulltrúi sveitarfélagsins:

Ymis verkefni

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Fallastakkur ehf.:

Barnastarf

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og rithöfundar:

Rithöfundakvöld og upplestrar

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og leikskóli Hornafjarðar:

Jólabókalestur

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Þórbergssetur:

Skráning menningarminja

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Hanna Dís Whitehead:

Sýning og smíðjur

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og BMX brós:

Skemmtun og námskeið

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Ómar Guðjónsson,

Ómar fortíðar, tónleikar

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Gallery MUUR:

Sýningar

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Kvennakór Hornafjarðar:

Skemmtun

Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu og Grunnskóli Hornafjarðar:

Ymis verkefni

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Nýheimar Þekkingarsetur:

Markaður

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Jöklaveröld:

Heimsókn Barnastarfs

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Borgarhöfn:

Heimsókn Barnastarfs

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Vigtin:

Heimsókn Barnastarfs

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Víkingaheimar:

Heimsókn Barnastarfs

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Björn Arnarsson:

Barnastarf

Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Gísli Sverrir Árnason og landeigendur Kvískerja:

Kvísker

Menningarverðlaun og styrkir fyrir árið 2022

Oft er vandmeðfarið að velja handhafa menningarverðlauna og eins og ávallt var nefndinni vandi á höndum að velja úr hópi þeirra sem tilnefndir voru því öll eru þau menningarstarfi samfélagsins til sóma. Tilnefningar ársins komu frá íbúum Hornafjarðar og nefndarmönnum.

Þeir sem tilnefndir voru: Kristín G. Gestsdóttir, Erna Gísladóttir formaður Kvennakórs Hornafjarðar, Þorsteinn Sigurbergsson ljósamaður, Guðný Svavarsdóttir, Hlynur Pálmason leikstjóri, Ída Mekkin Hlynisdóttir leikkona, Þorgils Hlynsson og Grímur Hlynson sem léku í stuttmyndinni Hreiðrið, Karlaórin Jökull, Svanhvít Helga Jóhannsdóttir og Hirðingjarnir.

Að þessu sinni hlaut Kristín Gestsdóttir verðlaunin fyrir framlag sitt til menningar í sveitarfélaginu. Kristín hefur verið virk í menningarlífi Hornafjarðar síðan hún flutti til Hafnar. Hún gekk strax í Leikfélag Hornafjarðar og fór að leika og tók síðar að sér leikstjórn, skrifaði handrit og sat í stjórn leikfélagsins. Fyrsta sýning Skemmtifélags Hornafjarðar *Slappaðu af* var samstarfsverkefni



Kristínar, Heiðars Sigurðssonar og Sigurðar Mar, þeir sömdu tónlistina og Kristín skrifaði söguþráðinn. Norðurljósablús var annað samstarfsverkefni hjá þeim Kristínu, Heiðari og Sigurði Mar. En Kristín hefur líka verið virk í fleiri verkefnum eins og Humarhátíð. Kristín er liðtæk á margvíslegum sviðum menningar og lista.

Alls bárust ellefu umsóknir um menningarstyrki, og eru þeir veittir félagasamtökum og einstaklingum til menningartengdra verkefna. Fram kom í máli Eyrúnar H. Ævarsdóttur að með þessum styrkjum vilji atvinnu- og menningarmálanefnd hvetja og styrkja félagasamtök og einstaklinga til frekari starfa í þágu menningar. Eftirtalin félagasamtök hlutu styrk að þessu sinni: Blús og rokkklúbbur Hornafjarðar, Gleðigjafar, Samkór Hornafjarðar, Karlakórinn Jökull, Kvennakór Hornafjarðar, Leikfélag Hornafjarðar, Lúðrasveit Hornafjarðar, MUUR, Tómas Nói Hauksson og Hlynur Pálmason og Rannsóknarsetur Háskóla Íslands.

Atvinnu- og rannsóknarsjóður

Alls bárust atvinnumálanefnd sjö umsóknir í sjóðinn og hljóðaði heildarupphæð þeirra upp á 5.300.000 kr. Í ár voru 800 þúsund veitt úr í A hluta, en úr honum er einu verkefni veittur styrkur árlega, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands hlaut styrkinn að þessu sinni fyrir verkefnið Helsingjar á Suðausturlandi, aflestur litmerkja 2023. 1,2 milljónir í B hluta sjóðsins deilast á milli nokkurra verkefna. Helsingjar hafi orpið í Sveitarfélaginu Hornafirði frá árinu 1988 og þeim hefur fjölgað mikið á þeim 35 árum sem liðin eru frá fyrsta varpinu, en hægt hefur á þeirri þróun og því er nauðsynlegt að fylgjast vel með stöðu mála.

Fimm verkefni hlutu styrk úr B hluta í ár, þar af eru fjögur þeirra rannsóknarverkefni en eitt atvinnutengt. Fyrirtækið Jöklaverðir ehf. sem hlaut 270 þúsund króna styrk úr B sjóði fyrir verkefnið Markaðssetning gljúfraferða í Hornafirði. Ljós móðurneminn Heiðdís Anna Marteinsdóttir hlaut 200 þús. kr. fyrir rannsókn um viðhorf og væntingar kvenna sem hafa reynsluþekkingu úr barneignarferlinu í Hornafirði. Náttúrustofa Suðausturlands hlaut þrjá rannsóknarstyrki úr sjóðnum að þessu sinni. Verkefnið Aldursgreining gróðurleifa sem safnað hefur verið saman undan jökulsporði Breiðamerkursands hlaut 270 þús. kr. og rannsókn stofunnar um lífsferil klettafrúr sömu styrkuppahæð. Lífsferill klettafrúr á Íslandi er mikið til enn óþekktur og ekki er vitað hversu mörg ár plantan vex áður en hún blómgast og deyr. Kortlagning Stigár- og Hólárjökuls í sunnanverðum Örfajökli, hlaut 200 þús. kr. en markmiðið með því er að áætla hámarksútbreiðslu jöklanna á litlu ísöld.

Fréttakorn

Árlegt fréttabréf Menningarmiðstöðvarinnar kom út tvisvar sinnum á þessu ári og var borið í öll hús í sveitarfélaginu. Sjá má fréttabréfið í viðauka 4.

Barnastarf

Hefð er fyrir því að Menningarmiðstöð Hornafjarðar standi fyrir fræðslu og skemmtiferðum fyrir börn frá sjö ára aldri. Í sumar var þar engin breyting á og voru farnar níu ferðir.


Fyrsta ferð barnastarfsins var farin þriðjudaginn 7. júní frá Menningarmiðstöðinni í Nýheimum og var ferðinni heitið í Flateyri að skoða kýrnar og kálfa. Því næst var farið í Óslandið í fuglaskoðun með Birni Arnarsyni. Einnig var farið í fjöruferð að Horni, hestaferð í Borgarhöfn og Víkingaþorpið var skoðað. Eins og áður er starfið blandað af útiveru, listasmiðjum og fræðslu. Fallastakkur sér að vanda um akstur í lengri ferðum og það kostar ekkert að koma með í ferðirnar í sumar.

Sérstakar þakkir fá: Fallastakkur ehf., Björn Arnarson, starfsmenn Víkingaþorpsins, Flateyjar, Hlíðarhestar, Jöklaveröld og höfnin, bílstjórar og leikjanámskeið Sindra.

Dagskrá má sjá í viðauka 3.

Skessur sem éta karla

Sýningin er afrakstur rannsókna Dagrúnar Óskar Jónsdóttur þjóðfræðings sem rannsakað hefur mannát í íslenskum þjóðsögum. Þar sýnir Dagrún hvernig mannát birtist í þjóðsögunum og hvað það getur sagt okkur um samfélagið sem sögurnar urðu til í. Dagrún fléttar saman í rannsóknum sínum, þjóðsögum og nútíma hugmyndum um femínisma og bregður þannig ljósi á nýjar hliðar, annars vegar á þjóðsögunum og hins vegar misrétti kynjanna. „Þjóðsagnir endurspeglar á vissan hátt hugmyndaheim og heimsmynd þeirra sem þeim safna og þær skrifa. Tröllskessur ráða ríkjum í tröllaheiminum og í sögum af mannáti eru það nánast alltaf tröllskessur sem éta mennska karlmenn. Það voru aðallega karlar sem söfnuðu, skrifuðu og gáfu út þjóðsagnaefni og hafa fræðimenn velt því fyrir sér hvort þessi birtingarmynd kvenna sem éta karla geti endurspeglar á einhvern hátt ótta karla við að missa völd sín yfir konunum“ segir Dagrún. Niðurstöðum sínum miðlar Dagrún á veggspjöldum sem eru fagurlega myndskreytt með vatnslitamyndum Sunnevu Guðrúnar Þórðardóttur.




Verbúð

Verbúðin var opin allt sumarið og var aðsókn mjög góð.



Hinseginvika

Menningarmiðstöðin tók þátt í Hinsegin viku. Kraftmiklir krakkar frá leikskólanum Sjónarhóli mættu til að koma bókasafninu í regnbogaliti!



Skaftfellingur

Í ár var gefin út 24. útgáfa Skaftfellingar. Forstöðumaður tók við keflinu af Halldóru Jónsdóttur sem ritstjóri þegar hún sagði starfi sínu lausu. Bókinni var vel tekið og margt fróðlegt efni og mikið um fróðleik og sögur.



Vínartónleikar

Sunnudaginn 8. maí kl. hélt Sinfóníuhljómsveit Suðurlands Vínartónleika í Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Á efnisskrá tónleikanna voru Straussvalsar og Kampavínsgalopp, svo eitthvað sé nefnt, og einsöngvari með hljómsveitinni var Sigrún Hjálmtýsdóttir. Greta Guðnadóttir var konsertmeistari og stjórnandi Guðmundur Óli Gunnarsson.



BMX-BRÓS

Menningarmiðstöð Hornafjarðar bauð BMX-BRÓS velkomna á Hornafjörð og skemmtu þeir krökkunum með spennandi BMX sýningu og námskeiði sem var opið öllum sem vildu taka þátt.

Rauði krossinn

Kista Rauða krossins er ávallt spennandi og þar má finna bækur á ýmsum tungumálum og er öllum velkomið að fá lánaðar bækur.

Aðventuhátíð

Aðventuhátíð sveitarfélagsins var haldin fyrstu helgina í aðventu. Mikill fjöldi var þar saman kominn, jólasveinar voru á sveimi um húsið, jólaföndur og andlitsmálning í boði í „Jólandi barnanna“ á bókasafninu. Tónlist ómaði um húsið, hljómsveitin Fókus tók lagið, Karlakórinn Jökull söng falleg lög og sáldraði yfir okkur jólagleði á sinn einstaka hátt. Jólamaðurinn var vel sóttur en að honum stóðu Umhverfis Hornafjörður, Nýheimar Þekkingarsetur og Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Í lok dags voru ljósin kveikt á jólatré sveitarfélagsins og í ár var það Embla Mjöll Sigurjónsdóttir nemandi í 1. bekk Hafnarskóla sem kveikti á trénu. Að vísu rigndi eldi og brennisteini þegar þarna var komið við sögu en það kom ekki að sök.



Það var skemmtileg jólastemning um alla Nýheima og miðbæ Hornafjarðar þennan fyrsta laugardag í aðventu.

Dagskrá aðventuhátíðar má finna í viðauka 1.

Afmæli Nýheima

20 ára afmæli Nýheima var haldið hátíðlegt laugardaginn 27. ágúst. Þar var ýmislegt um að vera og var margt um manninn í húsinu.

Dagskrána má sjá í viðauka 5.



Eldfjöll á bókasafninu

Listasýning eftir annan, þriðja, fimmta og sjötta bekk Grunnskóla Hornafjarðar. Mikið var um fallegar og litríkar myndir sem lífuguðu upp á bókasafnið.



Skapandi sumarnámskeið

Menningarmiðstöð Hornafjarðar vann í samstarfi við Hönnu Dís Whitehead að skapandi sumarnámskeiði fyrir börn fædd árin 2014-2016. Leikið var með ýmsan efnivið t.d leir, við og pappír. Unnin voru fjölbreytt tvívíð og þrívíð verkefni þar sem áherslan var á ferlið, einstaklinginn, efnið og náttúruna. Námskeiðið var bæði haldið inni á bókasafni og úti, eftir því sem veður leyfði.



Japanska á bókasafninu

Boðið var upp á lauflettá kynningu á japönsku tungumáli. Snæbjörn safnvörður á Svavarssafn sagði frá hvernig japanskt ritmál virkar. Snæbjörn er með B.A. gráðu í japönsku frá Háskóla Íslands og dvaldi um skeið í Japan.



Ómar fortíðar

Í tilefni útgáfu á plötu Ómars Guðjónssonar, *Ómar fortíðar*, var Hornfirðingum og öðrum áhugasömum boðið á ókeypis tónleika í Hafnarkirkju.

Á plötunni flytur Ómar þekkt lög úr þjóðarsál Íslendinga á hljóðfærið „fetilgítar“ eða „pedal steel“ á móðurmáli hljóðfærisins. Með Ómari á hljómplötunni eru þeir Matthías Hemstock á slagverk og Tómas Jónsson á píano og hljóðgervla. Lögin eru t.d úr smíðju Karls Ó. Runólfssonar, Jónasar Tómassonar, Árna Thorsteinssonar og Bjarna Þorsteinssonar. Öll frá árunum 1930 til 1960.

Ómar Guðjónsson hefur víða borið niður, í flestum stílum og stefnum ryþmískrar tónlistar. Hann hefur líka rannsakað hljóðheim gítarsins – og fetilgítarsins – meira en margur. Það er meira en aldarfjórðungsreynsla í þeim fingrum sem hér túlka með nýjum hljómi margar gersemar úr íslenskri sönglagahefð. Hann hníkar öllu til, sleppir orðunum, breytir hljómunum, styttir og lengir upprunalengd laglínunótnanna og skapar ný lög eins og sá djassmaður sem hann er. En þessi nýju gömlu lög snerta íslensk hjörtu á allt annan hátt en frumlegar útgáfur af klassískum djasslögum; hann er nefnilega að endurskapa lög sem við ólumst upp við og óma inni í okkur. Og kannski ræður það úrslitum að þessi endursköpun er borin fram af sterkri ljóðrænni tilfinningu sem kallast á við rómantíkina sem réði ferð hjá höfundum laganna.

Tónleikarnir voru kostaðir af Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

Veggurinn

Stafræn stefna- Digital direction

Þórdís Erla Zoëga

Þórdís vinnur með tengsl okkar við hinn stafræna heim ásamt stefnur og rútínur okkar í margvíslegum miðlum. Með notkun sinni á litbreytingarfilmu og hólógrafísku efni rannsakar hún stafræna fagurfræði hversdagslífs okkar.

Í Hagatúni er til sýnis hringlaga fræst plexíglerverk auk þriggja tvívíðra verka sem öll hafa litabreytingarfilmu sem breytist eftir lýsingu, stefnu og tíma dags. Stærð og form verkanna eru á svokölluðu landslagsformi sem við tengjum sífellt meira við tölvuskjáinn okkar heldur en hefðbundna landslagsmynd. Einföld formfræði og myndmál internetsins ræður ríkjum í verkum Þórdísar þar sem við stefnum í átt að stafrænni vídd.

Í Nýheiminum finnst svo tvö málverk þar sem Þórdís notast við blandaða tækni og efni eins og lakk og spreng á hólógrafískan striga sem verður að freistandi áferðum og myndmáli sem minnir einnig á skjái og fagurfræði internetsins. Verk Þórdísar bjóða upp á endurtekið áhorf þar sem þau eru sífellt á stöðugri hreyfingu, sem miðast alltaf eftir stöðu áhorfandans. Málverkin gefa einnig kost á frjálsri narratífu og við lestur myndmálsins sem speglar endalause valkosti internetsins.

Verkin á sýningunni voru unnin af Þórdísi á tímabilinu 2020 til 2022 og hafa að hluta til verið sýnd í Gallerí Þulu, Norrtälje Konsthall og Listasafni Akureyrar.



Fyrsta flokkun

Helga Páley og Una Björg

Fyrir sýninguna *Fyrsta flokkun* unnu Helga Páley og Una Björg bæði saman og í sitt hvoru lagi. Saman ræddu þær nýjustu hugmyndir og deildu efnistilraunum sínum ásamt því að skoða eldri verk sem ekki höfðu verið sýnd áður. Þær fundu þannig fleti sem sköruðust í þeirra verkvinnslu sem þær unnu svo áfram í sitt hvoru lagi. Á sýningunni eru ný verk þar sem efni og áferðir leiddur þær áfram á nostalgískar slóðir og birtust í formi plast-muna, veggfóðurs eða annarra nytjahluta.



Frekari upplýsingar um viðburði s.l. árs má finna á síðu Menningarmiðstöðvarinnar á Facebook.

Umfjöllun 2022

Mikið var fjallað um sýningar Svavarssafns og starf Menningarmiðstöðvarinnar á síðum fréttamiðla og einnig mátti sjá frá sýningum Svavarssafns í sjónvarpinu.

Sjá í viðauka 2

Listasafn Svavars Guðnasonar



Starfsemi

18. nóvember árið 1909 fæddist Svavar Guðnason á Höfn í Hornafirði. Höfn var á þessum tíma lítið þorp með örfáum húsum og fjölskyldum sem myndast hafði í kringum verslunina sem flutt var frá Papósi rúmum áratug fyrr, eða 1897, eftir að dýptarmælingar sýndu að hægt væri að sigla með varning vestanmegin Vestrahorns, sem auðveldaði ferðina töluvert fyrir bændur í Austur-Skaftafellssýslu. Fjölskylda Svavars var ein af fáum sem ekki lifðu á búskap, faðir hans, Guðni, var lærður skósmiður og rak gisti- og greiðaverslun með konu sinni, Ólöfu. Nú er ekki meiningin að rekja ævi Svavars hér, heldur varpa ljósi á hver tenging Svavars er við Hornafjörð. Afkomendur Ólafar og Guðna búa mörg hver enn á Hornafirði, og bærinn orðinn töluvert fjölmennari en árið 1909. Hér er líka hægt að velja á milli ótal gistihúsa og hótela á svæðinu, en æskuheimili Svavars hýsti fyrsta slíka reksturinn. Það hefur verið líflegt á heimilinu sem var einn mikilvægasti samkomustaður svæðisins en þar voru t.d. haldnir dansleikir.

Þetta átti eflaust sinn þátt í að gera Svavar að þeim heimsborgara sem hann síðar varð, en hann er einn helsti frumkvöðull abstraktlistar í sögu Íslands, og var á tímabili þekktasti íslenski listamaðurinn erlendis í gegnum tengsl sín við Danmörku. Það var í Danmörku á stríðsárunum sem hann kynntist bæði konu sinni, Ástu Eiríksdóttur og abstraktlistinni, en þegar þau fluttu aftur heim 1945 hélt Svavar í listamannaskálanum fyrstu stóru abstrakt-sýninguna fyrir almenning. Þessi listamannaskáli sem var fyrsti sýningarstaður á Íslandi alfarið tileinkaður myndlist, og stóð skammt frá Alþingishúsinu, var stofnaður af Jón Þorleifssyni. Jón var frá Hólum sem er sveitabær rétt fyrir utan Höfn, faðir hans Þorleifur var þingmaður fyrir svæðið og stórbóndi. Jón var líka frumkvöðull á sinn hátt, fyrir utan veglegan feril í listsköpun og þátttöku í stofnun sýningarstaða og samtaka, var hann einnig fyrsti listgagnrýnandi Íslendinga. Hornafjörður statar því af tveimur mjög merkim frumkvöðlum, en Listasafn Svavars Guðnasonar á mörg verk eftir þá í safneign sinni.

Þann 12. apríl árið 1995 sameinuðust sveitarfélög í Austur-Skaftafellssýslu um stofnun listasafns. Listasafnið opnaði með myndlistarsýningu í félagsheimilinu Mánagarði og var safneignin um tvö hundruð verk sem skráð höfðu verið, og við opnun bættust við gjöf verka eftir Jón Þorleifsson. Næst bættust við verk eftir Svavar Guðnason, fyrst frá danska arkitektinum Robert Dahlman Olsen, sem var gamall vinur Svavars og ritstýrði tímariti á stríðsárunum þar sem verk Svavars birtust og fjallað var um hann. Stærsta og mikilvægasta gjöfin í sögu safnsins kom frá Ástu Eiríksdóttur, ekkju málarsins, og sú gjöf er meginuppistaðan í safneigninni. Listasafn Svavars Guðnasonar, eins og safnið heitir í dag, opnaði 24. júní 2011. Safnið hefur það hlutverk að safna verkum með tengingar við Austur-Skaftafellssýslu, með sérstaka áherslu á Svavar.



Annað meginhlutverk Listasafnsins er að skrá og varðveita verk í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess. Listaverkin eiga að staðaldri að vera til sýnis í sem flestum stofnunum sveitarfélagsins, og nú í ár var ráðhúsið opið á afmælisdegi Svavars svo fólk gæti virt mörg þeirra fyrir sér enn betur. Listasafnið starfar eftir stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, safnalögum og gildandi lögum um starfsemi safna. Einnig fylgir það þjóðminjalögum og lögum um skil á menningarverðmætum. Auk þess efnir safnið til sérstakra sýninga á verkum úr safneign sinni og/eða frá öðrum söfnum, stofnunum eða einstaklingum í sölum safnsins og öðrum sýningarrýmum innan bæjarfélagsins.

Listasafn Svavars Guðnasonar heyrir undir Menningarmiðstöð Hornafjarðar og forstöðumaður er Eyrún Helga Ævarsdóttir. Safnvörður listasafnsins í ár var Snæbjörn Brynjarsson sem starfaði í afleysingum en var fastráðinn í lok árs.

Safnkostur

Safneign er grunnforsenda þess að safn geti starfað. Kjarni safneignar Listasafns Svavars Guðnasonar samanstendur að mestu af verkum Svavars Guðnasonar og annarra hornfirska málara. Skráð verk árið 2022 eru 637, sem er fjölgun um 59 frá síðasta ári.

Söfnunarstefna

Forstöðumaður Menningarmiðstöðvarinnar og safnvörður listasafnsins taka ákvarðanir í samræmi við stefnu safnsins um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Allir gripir skulu skráðir í viðurkennda safnskrá og skal safnskráin vera aðgengileg almenningi. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf undirritað af gefanda.

Safnauki

Listasafnið eignaðist 26 verk, eitt málverk eftir Svavar Guðnason að gjöf frá afkomendum, og 25 skissur. Þessi gjöf veitir nýja innsýn í starfshætti Svavars því það má ætla að þetta séu skissur frá ólíkum tímabilum, sem minna um margt á ýmis fullkláruð verk. Að auki fékk safnið gefið frá Íslandsbanka fjögur verk. Eitt er eftir Ásgrím Jónsson, stórt olíumálverk sem kallað er Sólskin, og sýnir sólrikan dag í Húsafellsskógi. Ásgrímur hefur ýmsar tengingar við Hornafjörð þó hann sé ættaður úr öðrum hluta Suðurlands og bjó mestalla ævi í Reykjavík. Heimsóknir hans í sveitina 1911-1912 og 1927 höfðu djúpstæð áhrif á listalífið á svæðinu og urðu innblástur fyrir ekki bara ýmsa áhugamálara heldur líka hvatning fyrir Jón Þorleifsson, Höskuld Björnsson og Svavar Guðnason til að leggja fyrir sig málalalistina.

Tvö verk voru eftir Gunnlaug Scheving. Falleg vatnslitamálarverk sem munu sóma sér vel í safni með mikið af landslagsmálverkum. Það síðasta var eftir Jón Þorleifsson og sýnir Höfðavog á Mývatni. Undir lok árs var safnverði falið að kaupa verk eftir tvær starfandi listakonur á Hornafirði, Evu Bjarnadóttur og Hönnu Dís Whitehead og munu þau verk bætast í safneign á næsta ári.

Rannsóknir

Safnið sér um að skrá og halda til haga upplýsingum um listaverk í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess. Safnið rannsakar og stuðlar að rannsóknum á listiðkun í sýslunni, með sérstakri áherslu á list Svavars Guðnasonar, en safnið skráir, miðlar og varðveitir upplýsingar um öll verk Svavars og listferil hans.

Skráning

Á árinu hafa fjölmörg verk verið ljósmynduð og færð inn í sarp. Sér í lagi skissur eftir Sigurð Einarsson og Svavar Guðnason. Í tilefni af sýningu um geómetrísk verk Svavars, *Hreyfing í föstum formum og litum*, voru mörg þeirra ljósmynduð og myndbirt á sarpinum í fyrsta sinn. Bæst hafa við tugir mynda eftir Jón Þorleifsson, Svavar Guðnason, Sigurð Einarsson og Guðjón R. Sigurðsson á sarpinn. Skrásettar voru 25 skissur eftir Svavar sem gefnar voru af afkomendum hans, og ellefu skissur eftir

Sigurð Einarsson.

Húsnæði, gestafjöldi og opnunartímar

Inngangur í sýningarsal er frá Ráðhúsinu og er farið í gegnum Ástustofu. Lítill salur er í anddyri Ráðhússins sem nýtist sem fremra rými safnsins. Geymslur eru einnig í Ráðhúsinu, en listasafnið deilir skrifstofurými með Byggðasafni og Héraðsskjalasafni í Nýheimum. Opnunartími var lengdur yfir sumartímann og er í stöðugri endurskoðun með það að markmiði að fjölga sýningargestum. Enginn aðgangseyrir er á safnið.

Gestafjöldi

Meirihluti gesta sækir safnið á opnunum og öðrum viðburðum. Samkvæmt tölum frá hagstofunni eru tveir þriðju af safngestum á Íslandi ferðamenn, en undantekningin er listasöfn því þar eru Íslendingar 65%. Ferðamenn koma gjarnan við á Svavarssafni á sumrin og reynsla safnvarðar er sú að á þeim tíma séu flestir gesta erlent ferðafólk sem þyrstir í að kynnast betur íslenski menningu.

Sýningarhald

Harmljóð um hest (26. feb-15. maí). Hlynur Pálmason í sýningarstjórn Ástríðar Magnúsdóttur.

Hús kveðja (21. maí-17. júní). Eva Bjarnadóttir í sýningarstjórn Snæbjörns Brynjarssonar.

Hreyfing í föstum formum og litum (24.júní-11.september). Svavar Guðnason í sýningarstjórn Jóns Proppé.

Harmljóð um hest (26. feb-15. maí)

„Úr rotnandi líkama mínum munu blómin vaxa, og ég mun dvelja í þeim og í því felst eilífðin.“

-Edvard Munch

Harmljóð um hest (Lament for a Horse) var viðamikil ljósmyndasýning eftir Hlyn Pálmason í sýningarstjórn Ástríðar Magnúsdóttur. Myndirnar voru allar jafnstórar, og teknar úr lofti, en þær sýndu umbreytingarnar sem eiga sér stað eftir að hestur sem deyr fær að hverfa í jörðina á náttúrulegan hátt. Í sýningarskrá segir: Hlynur vill með ljósmyndum sínum sýna okkur fegurðina í niðurbroti hestsins og skrásetja um leið hvernig tíminn líður og landið skiptir um lit. Að endingu er hesturinn horfinn en nýtt landslag blasir við. Hesturinn er táknrænn, táknmynd lands og þjóðar, lífs og dauða, fegurðar og hverfuleika, og sýnbreytilegs landslags í tilveru mannsins og náttúru. Verkið hverfist um fagurfræði og mannfræði, táknfræði og hugmyndafræði, hið persónulega og hið náttúrulega, lífið og dauðann, lífið í dauðanum og þörfina til að skrásetja andartakið og skapa heildstæða mynd, sögu til að upplifa og skilja.

Hlynur er fyrst og fremst þekktur fyrir kvikmyndir sínar þó að listamaðurinn, sem fæddist árið 1984 og ólst upp á Hornafirði, hafi alla tíð stundað myndlist. Sem dæmi um kvikmyndir eftir hann má nefna *Volaða land* sem verður frumsýnt á Íslandi á næsta ári, *Hvítur, hvítur dagur* og *Vetrarbræður*, en þess má geta að *Nest*, stuttmynd tekin upp í svipaðri hugmyndafræði og *Harmljóð um hest*, vann til verðlauna um svipað leyti og sýningin fór fram.

Harmljóð um hest fjallar um náttúruna og náttúruleg ferli á nýstárlegan hátt, og má segja að gefi óvænta innsýn. Í grunninn er það ógurlega einfalt, en framkvæmdin var flókin þar sem hún stóð yfir í meira en tvö ár. Allt frá hestinum yfir í ljósmyndirnar er hornfirsk framleiðsla. Á síðasta sýningardegi las Soffía Auður Birgisdóttir upp úr verkum Þórbergs Þórðarsonar, þar sem fjallað er um tragískan dauðdaga hests úr bókinni *Steinarnir tala*, og var ágæt mæting á þeim viðburði.

Harmljóð um hest var styrkt af myndlistarsjóði og Uppbyggingarsjóði Suðurlands.



Hús kveðja (21. maí-17. júní)

Eva Bjarnadóttir býr og starfar í Örafum, og í listsköpun hennar vinnur hún náið með arfleifð héraðsins. Í sýningarskrá stendur: *Eva er listamaður sem sameinar bæði hið þjóðlega og alþjóðlega, hún er framúrstefnuleg og stórhuga, en um leið áhugasöm um fortíðina og hið smáa. Eva er ættuð úr Örafum, héraðinu milli sanda, en hún lærði myndlist við Gerrit Rietveld akademíuna í Hollandi. Síðan hún sneri heim til Íslands hefur hún stuðlað að öflugu menningarlífi í sinni heimasveit. Gamla sláturhúsið sem hún fékk afhent 2017 hýsir nú, fyrir utan hænsni, ýmsa viðburði, tónleika og myndlistarsýningar.*



Eitt húsanna á Fagurhólsmýri og saga þess varð innblástur í verk Evu á sýningunni, nefnilega Gamlabúð, miðstöð kaupfélags Vestur-Skaftafellssýslu á svæðinu til ársins 1964, sem Eva vinnur nú hörðum höndum að því að gera upp. Á sýningunni var innsetning úr afgangsviði úr húsinu, en líka silkiþrykk sem sagði sína sögu af húsinu, ásamt risoprenti af ljósmyndum sem teknar voru af framkvæmdum við húsið.

Sýningin sker sig úr að því leyti að í kringum hana var mikill fjöldi viðburða. Fyrir utan pallborðsumræður með Guðbjörgu R. Jóhannesdóttur lektor við Listaháskóla Íslands og Auði Hildi Hákonardóttur myndlistarkonu í Svavarssafni, voru tónlistargjörningar og sögugöngur í Örafum, pönnukökubóð og danssýningar í listasafninu. Það mætti því segja að sýningin hafi verið á við litla listahátíð, og verður nánar sagt frá viðburðum í upptalningu síðar. Sýningin var styrkt af myndlistarsjóði og uppbyggingasjóði Suðurlands. Sýningarstjóri var Snæbjörn Brynjarsson safnvörður.

Hreyfing í föstum formum og litum (21. júní- 11.sept)

Hreyfing í föstum formum var undir stjórn Jóns Proppé en hann hefur áður sett upp samsýningar og sýningar á verkum Svavars Guðnasonar. Í þessari sýningu var fókus á geómetrísk verk Svavars á sjötta áratugi síðustu aldar en safneign Svavarssafns státar af mörgum verkum frá því tímabili, sér í lagi teikningum í olíukrít. Svavar er einn helsti frumkvöðull abstrakt-listar á Íslandi og Norðurlöndunum og verk hans hafa gríðarmikið sögulegt vægi í bæði innlendu alþjóðlegu samhengi. Eitt af mikilvægustu verkefnum Svavarssafns er að sýna verk hans en á sama tíma setja þau í nýtt samhengi.



Sýningarskráin var einkar vegleg og mun nýtast í framtíðinni við fræðslu. Í tengslum við sýninguna var boðið upp á leiðsögn og fyrirlestur þar sem Jón Proppé deildi fróðleik með fólki. Sýningin var styrkt af uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Tilraun - Æðarrækt (19. sept-20. jan)

Tilraun - Æðarrækt var stærsta sýning ársins. Hildur Steinþórsdóttir og Rúna Thors völdu 26 listamenn til þátttöku og komu þeim í beint samstarf með æðarræktendum um allt land, og niðurstaðan var fjöldi verka í keramik, textíl, ljósmyndum, innsetningum, hljóði og myndböndum. Verk voru staðsett í Svavarssafni að sjálfsögðu, með myndum Höskuldar Björnssonar af æðarfuglum stilltum upp í móttöku. Þar að auki voru verk sýnd í Miðbæ, á bókasafni Hornafjarðar, í Gömlubúð (upplýsingamiðstöð Vatnajökulshjólgaðs) og sundlaug Hornafjarðar. Listamenn voru bæði frá Danmörku og Noregi, auk Íslands.



Fjallað var um sýninguna í Víðsjá og á N4, en þar að auki var regluleg birt efni í Eystrahorni þar sem tiltekin verk á sýningunni voru skoðuð og viðtal við listamanninn birt. Því má segja að sýningin hafi sennilega ekki farið fram hjá neinum Hornfirðingi.

Sýningin var styrkt af Nordisk Kultur Kontakt og uppbyggingarsjóði Suðurlands, auk Æðarræktarfélagi Íslands. Má einnig geta heimsóknar tveggja listamanna til Hafnar í boði Barnamenningarsjóðs, Margrét H. Blöndal sem kom í miðjum október og leiðbeindi börnum í grunnskóla, og von er á Samuel Rees hingað til að leiðbeina ungmennum í FAS.

Sýnileiki á samfélagsmiðlum

Safnið nýtir samfélagsmiðla markvisst í starfi sínu. Vefsíða menningarmiðstöðvar er reglulega uppfærð með fréttum úr starfinu, þar sem fram koma upplýsingar um opnunartíma og fróðleikur um listina. Samfélagsmiðlar eru mikið nýttir til að miðla fróðleik og auglýsa viðburði en aldrei hefur verið greitt fyrir dreifingu auglýsinga á samfélagsmiðlum og því byggist velgengni á því sviðið alfarið á blöndu af hugvitssemi og heppni.

Þann 20. janúar 2022 hafði safnið 665 fylgjendur á Facebook en í lok ársins, eða 21. desember, var talan orðin 811. Líkt og í fyrra er meirihlutinn konur, eða um 76% og breytist það lítið milli ára. Langfjölmennasti hópurinn eru konur á aldursbilinu 40-45 ára. Um 50% búa í Reykjavík og 15% búa á Höfn og kemur sú tölfræði einnig frekar lítið á óvart. Mikil aukning er á þátttöku, safnið fékk mikil viðbrögð við innleggjum sínum á miðlinum, og náði víðlesnasti pósturinn til um 28 þúsund notenda. Það var sennilega fyrst og fremst mikilli fjölmiðlaumfjöllun um viðburðinn að þakka, en nánar um það í *Viðburðum*.

Svavarssafn var með 499 fylgjendur á Instagram í byrjun árs en 562 í lok árs. Gerð var tilraun til að reka TikTok-reikning en óvíst er um framhald hans á næsta ári.

Prentun

Menningarmiðstöðin auglýsti Svavarssafn í safnablaði Fréttablaðsins. Listasafnið gefur út sýningarskrár fyrir hverja sýningu sem sett er upp á vegum safnsins. Í sýningarskrá er ávallt einhver fróðleikur um listamann og texti á bæði ensku og íslensku. Plaköt eru oft prentuð út, sömuleiðis boðskort, og eru þau hönnuð af grafískum hönnuði Menningarmiðstöðvarinnar.

Skólahópar

Safnið og starfsemi þess er reglulega kynnt nemendum í skólum. Í ár heimsóttu safnið langflest börn í grunnskólum og leikskólum Hornafjarðar. Haldnar voru smíðjur m.a. með Margréti H. Blöndal gestalistakonu, sem hélt kynningu í framhaldsskólanum og kenndi í grunnskólanum.

Leiðsögn

Leiðsögn með safnverði eru ávallt í boði sé óskað eftir því af hópum sem koma. Leiðsagnir með listamönnum hafa verið í boði fyrir allar sýningar og auglýstar á samfélagsmiðlum. Haldin var ein uppákoma fyrir vinnustað en þá fékk starfsfólk framhaldsskólans sérstaka kynningu.

Viðburðir


Ýmsir viðburðir voru á safninu. Opnanir og viðburðir tengdir þeim, eins og leiðsagnir og málþing hafa þegar verið nefnd. Haldinn var gjörningur í lok nóvember með listakonunni Elísabetu Jökulsdóttur og safnverði, en sá gjörningur vakti mikla athygli á landsvísu og var fjallað um hann í öllum helstu fréttamiðlum. Á Vísi var hann mest lesna fréttin í nærri heilan sólarhring með yfir 1000 viðbrögð á Facebook og að lokum kom hann fyrir í yfirliti vikunnar hjá Gísli Marteini. Það má því segja að gjörningurinn, sem var örfyrirlestur um fegurð, hafi snert einhverja taug eða í það minnsta vakið athygli.

Í sama mánuði (18. nóvember) var haldin afmælishátíð þar sem Ekrubandið spilaði og safnvörður fylgdi gestum um ráðhúsið til að sýna helstu listaverkin sem þar hanga. Mikill fjöldi manns mætti. Þann 16. nóvember, á degi íslenskrar tungu var svo lesið upp úr *Gullna hliðinu* eftir Davíð Stefánsson, en það var samstarfsverkefni milli safnsins og Leikfélags Hornafjarðar.

Þann 28. október hélt Þórður Sævar Jónsson, rithöfundur og fyrrum bókavörður kynningu á bók sinni, *Líf og ævintýri í Kanada*, um Guðjón R. Sigurðsson. Guðjón flutti ungur til Kanada og lenti þar í skrautlegum ævintýrum, en hann á ýmsar tengingar við Hornafjörð, fæddur í Mýrum, bjó hluta ævi sinnar á Höfn og eyddi síðustu æviárunum í Örafum. Mikil aðsókn var á viðburðinn, en þess má geta að stytur sem Guðjón skar út voru hafðar til sýnis.

Í september var haldin getraunakeppni á Hafinu með Æðarfuglaþema en það gerði safnvörður í samstarfi við forstöðumann Náttúrufræðistofu Suðurlands í tilefni af því að sýning innblásin af æðarfuglum væri nýopnuð.

Dansverkið *Again the Sunset* með listafólkinu Yann Leguay og Ingu Huld Hákonardóttur var flutt 7. júní á Svavarssafni, í samstarfi með listahátíð í Reykjavík.





Þann 2. júní var viðburðurinn *Lesið í hús* þar sem Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Eva Bjarnadóttir og Hildur Auður Hákonardóttir ræddu hús og umhverfi þeirra í pallborði í tilefni sýningarinnar *Hús kveðja*. Daginn eftir var bókaupplestur í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands, en það var í tilefni af ráðstefnunni *Eldgos og eldfjöll í listum og menningu*. Sigríður Hagalín, Jón Kalman, Sigurlín Bjarney og Ófeigur Sigurðsson voru meðal þeirra höfunda sem lásu upp.

Þann 28. maí var söguganga út í Salthöfða frá Fagurhólsmýri og gjörningadagskrá í Gömlubúð á sömu landareign í samstarfi við Svavarssafn. 14. maí las Soffía Auður Birgisdóttir úr *Steinarnir tala* í Svavarssafni. Þá eru úpptaldar listasmiðjur og leiðsagnir sem haldnar voru á mismunandi tímum yfir árið.

Byggðasafn



Starfsemi

Sögu byggðasafns Austur-Skaftafellssýslu má rekja allt til ársins 1964 þegar sýslunefnd kaus fimm manna nefnd til að vinna að undirbúningi safnsins. Byggðasafninu var svo valinn staður í Gömlubúð sem þá stóð við Sílavík. Árið 1980 opnaði sýning Byggðasafnsins í húsinu og var Gamlabúð miðstöð starfsemi Byggðasafnsins frá þeim tíma og allt til 2012.

Byggðasafni er ætlað að safna minjum sem lýsa mannlífi héraðsins, þ.e. heimilishaldi, félagslífi, samgöngum og atvinnuháttum, jafnt til sjávar og sveita. Áhersla er lögð á skaftfellskt efni og þá þætti sem einkennt hafa byggðarlagið eða gert aðstæður þess frábrugðnar aðstæðum annarra byggðarlaga.

Starfsfólk byggðasafns hefur umsjón með safnkosti náttúrugripasafns, en hlutverk náttúrugripasafns er að safna gripum sem tengjast náttúru svæðisins. Einnig að vinna að náttúrurannsóknnum og umhverfisvernd í samvinnu við náttúruverndarsamtök og stofnanir, skrá muni og náttúruminjar og halda til haga upplýsingum um þessi atriði. Náttúrugripasafni er ætlað að vernda minjar og ná fram heildstæðri mynd af náttúru svæðisins. Söfnunarflokkar eru lífríki, bergmyndanir og gróðurfar.

Byggðasafnið og náttúrugripasafnið starfa eftir stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Byggðasafnið hefur hlotið viðurkenningu Safnaráðs og einnig starfar það með öðrum söfnum að Sarpi, þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um safnkostinn.

Skráning og föst störf Byggðasafns Austur-Skaftafellssýslu

Tim Junge safnvörður byggðasafnsins fór yfir gamlar skráningar og athugaði hvort skráða muni væru örugglega að finna á sarpur.is. Tim vann að skráningum með sumarstarfsmanni Menningarmiðstöðvarinnar og gekk skráning vel yfir sumarmánuðina en hægðist á þeim eftir sumarið vegna annarra verkefna starfsmanns. Starfsmaður byggðasafns er grafískur hönnuður og eru hans verkefni að miklum hluta hönnun grafíks efnis fyrir stofnunina.

Öll forvarsla og myndataka muna hefur farið fram í Álaleirunni en úrvinnsla mynda og skráning inn á Sarpinn hefur farið fram á Menningarmiðstöðinni. Netaðgangi hefur verði komið á í Álaleirunni og hefur það verið mikill munaður og sér starfsmaður fyrir sér að hægt verði að klára allt skráningarferlið á munum í Álaleirunni í framtíðinni. Innan annarra safnaeininga má nefna að þónokkrir dagar á árinu fóru í afleysingar á bókasafninu og miklum tíma var varið í ljósmyndun aðfanga. Einnig var tekið þátt í að skipuleggja sameiginlega viðburði innan



Menningarmiðstöðvarinnar.

Safnvörður tók þátt í barnastarfinu í ár og var bæði safnverði Listasafns innan handar með gerð grafíks efnis, listasmiðjum safnsins og í ferðum með sumarbarnastarfi Menningarmiðstöðvarinnar. Safnvörður byggðasafnsins tók þátt í uppsetningu sýninga og ljósmyndun þeirra. Safnvörður aðstoðaði einnig við uppsetningu sýninga í bókasafninu, ásamt því að mynda fundargerðabækur, aðföng Héraðsskjalasafnsins og vinna myndirnar til að gera þær birtingahæfar á vef.

Sýningar safnsins

Sýningar safnsins eru opnar kl. 9-19 og utan þess tíma eru sýningarnar opnaðar eftir samkomulagi. Einnig má nefna að til sýnis í Gömlubúð eru 29 lánsgrípir frá byggðasafninu.

Geymsluskrá

Geymsluskrá var unnin árið 2019 og var hún mikið nýtt í skráningu muna safnsins á árinu. Þess má geta að nokkrir dagar árið 2020 fóru í það að leita í geymslunni að gripum, þegar fyrirspurnir bárust að utan frá aðilum sem þekktu til gripa á safninu og vildu frekari upplýsingar um þá. Ljóst er að skráin nýtist starfsmanni safnsins vel í starfi.

Kvísker

Unnið var á Kvískerjum við Kvískerjaverkefnið þar sá safnvörður um að flokka og greina muni sem átti annað hvort að taka til varðveislu á vegum Menningarmiðstöðvarinnar eða geyma á Kvískerjum. Þaðan voru flutt 3 bretti af munum sem þykja mikilvægir sögu staðarins og er unnið að því að skrá þá í safnkost safnsins.

Styrkir

Byggðasafnið fékk úthlutað veglegum styrkjum til skráningar safnmuna og var styrkurinn nýttur yfir sumarmánuðina þar sem ljósmyndaðir og skráðir voru um 300 munir.

Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu



Starfsemi

Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu starfar í samræmi við lög um almenningubókasöfn (nr. 36/1997) og gildandi stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Hlutverk þess er að jafna aðgang íbúa og gesta sveitarfélagsins að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu. Þjónusta safnsins nær til allra án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Bókasafnið er skólabókasafn Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og vinnur með skólabókasöfnum Grunnskóla Hornafjarðar.

Í febrúar tók Olga Ingólfssdóttir tímabundið við starfi bókavarðar og hélt utan um starfsemina með þrýði fram á vor en hún lét af störfum í júní. Sandra Björg Stefánsdóttir var ráðin bókavörður til frambúðar og tók hún til starfa í apríl í 25% starfshlutfalli, sem jókst svo í 50% í maí og í júní í fullt starf eða 80% starfshlutfall.

Hrefna Rún Kristinsdóttir kom inn sem sumarstarfsmaður á bókasafninu og sinnti því stafi með miklum sóma á meðan aðrir starfsmenn voru í sumarleyfi. Í maí á þessu ári var loksins tekið í gagnið nýtt tölvukerfi sem ber nafnið Alma. Kerfið hefur reynst mjög vel og er öllu nútímalegri en forrennarinn Gegnir. Helsti munurinn er að kerfið er hýst á netinu og er því ekki sérstakt forrit sem bundið er við ákveðna tölvu. Hugmyndin er að allir starfsmenn MMH fái sinn eigin aðgang að kerfi og skrái sig inn þegar þeir afgreiða á bókasafninu. Enn sem komið er nota þó allir aðgang bókavarðar sem hefur vissulega bæði kosti og galla. Helsti gallinn er að þá er ekki hægt að rekja ákveðnar skráningar til einstakra starfsmanna og einnig sú staðreynd að aðgangurinn er bundinn við ákveðna kennitölu sem er persónuleg kennitala bókavarðar í þessu tilfelli. Kosturinn við þetta fyrirkomulag er án vafa að mun einfaldara og fljótlegra er fyrir aðra starfsmenn að stökkva til og leysa af á bókasafninu á þennan hátt.



Skráning aðfanga frá 1.jan til 31.des 2022

Nýskráð efni 1.239 eintök

Afskráð efni 568 eintök

Bókakostur var því við árslok eftirfarandi:

Almennt	23.298 eintök
Barnadeild	3.738 eintök
Stórt brot	28 eintök
Svavar Guðnason	84 eintök
Tímarit	2.939 eintök
Unglingadeild	857 eintök
Áttahagadeild	137 eintök

Áhersla var lögð á að endurnýja og bæta við bókakost barna á árinu og skilaði það sér í miklum fjölda heimsókna yngri lánþega á árinu. Barnahornið var einnig endurskipulagt á árinu og gert aðgengilegra fyrir unga notendur safnsins. Auk grjónapúða, hengirúms og annarra leikfanga mátti ávallt finna einhvers konar föndur, perlur eða liti í barnahorninu ásamt leikgrindum og fleira fyrir yngstu gestina. Eftirtektarvert var að heimsóknir á safnið milli kl.16-17 á virkum dögum jukust eftir því sem leið á árið. En það er sá tími dags sem 1-5 ára börn eru alla jafna sótt á leikskólann. Þó engin formleg talning á gestafjölda hafi farið fram, má leiða líkum að því að sýnileiki starfsemi safnsins út á við, sem og endurskipulagning barnahornsins, hafi haft áhrif á þessa fjölgun heimsóka.

Þá var einnig bætt við nokkuð magn af bókum er tengjast listum og voru þær meðal annars nýttar við kennslu í Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu. Undir lok árs var einnig fjölgað töluvert af bókum sem ætlaðar eru einstaklingum sem tala íslensku sem annað tungumál. Bæði til að auka við orðaforða og til að læra íslensku. Var það gert meðal annars vegna móttöku sveitarfélagsins á flóttamönnum.

Útlán

Heildarútlán bókakosts á seinni helmingi ársins voru 2.557 eintök lánuð og voru yfirleitt milli 300-400 eintök lánuð á hverjum mánuði. Vegna breytinga á tölvukerfi reyndist ekki unnt að finna út meðal aldur helstu lánþega fyrir þetta árið en áætlað er að það gangi betur að ári. Skráðir „virkir lánþegar“ árið 2022 voru 416 talsins, 287 konur, 121 karlar og 8 annað.

Lestrarhesturinn 2022

Líkt og síðustu ár var efnt til átaksins *Lestrarhesturinn* yfir sumarmánuðina en það stóð yfir frá 10. júní til 19. ágúst. Átakinu er ætlað að hvetja börn á grunnskólaaldri til að lesa yfir sumarmánuðina. Hugmyndin er að þau börn sem lesa 10 bækur eða fleiri geta fyllt út þáttökuseðil og skila þeim svo inn á safnið. Hópnun er skipt í tvo flokka, 1.-4. bekkur og 5.-10. bekkur.

Alls tóku 12 börn þátt í *Lestrarhestinum* í ár, þar af níu í 1.-4. bekk og þrjú í 5.-10. bekk. Samtals lásu þau yfir 300 bækur. Yngri börnin fengu bókina Rumpuskógur eftir Nadia Shireen að launum fyrir þátttökuna og eldri börnin bókina HVA eftir David Williams.

Einn þátttakandi var dreginn út sem Lestrarhestur 2022 og var það Theódór Árni Stefánsson og hlaut hann gjafabréf úr Martölvunni að launum.

Skiptibókamarkaður NemFAS og MMH

Um haustið var efnt til skiptibókamarkaðar í samstarfi Menningarmiðstöðarinnar og nemenda Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Um árabíl hefur MMH haldið utan um skólabókasölu fyrir framhaldsskólann og í ár bættist skiptibókamarkaðurinn við. Salan gekk vel og margir nemendur gátu losað sig við eldri bækur ásamt því að bæta við nýjum en notuðum bókum fyrir veturinn.

Prjónakaffi

Í hverri viku á miðvikudögum kl.13, hittist hópur kvenna á bókasafninu og prjónar saman. Alla jafna eru þetta konur sem lokið hafa sínum störfum á vinnumarkaði en einstaka sinnum bætast við yngri konur. Enn sem komið er hafa engin önnur kyn bæst við í hópinn þó öll séu að sjálfsögðu velkomin. Fjöldi gesta í prjónakaffinu er að jafnaði 8-10 konur þó að fjöldinn hafi farið upp í 16-18 konur einstaka sinnum. Menningarmiðstöðin býður konunum ávallt upp á kaffi og vatn á þessum samkomum og oft koma þær sjálfar með eitthvað sætt því til viðbótar.

Lesstund barnanna

Í september var auglýst eftir sjálfboðaliðum til að lesa fyrir börn á laugardögum. Nokkuð vel tókst að fá fólk með í verkið og buðu 6 einstaklingar sig fram til að lesa fyrir börnin. Ákveðið var að hafa stundina á dagskrá kl.13.30 á laugardögum en fram að þeim tíma eru fimleikar á dagskrá fyrir yngstu börn sveitarfélagsins og óþarfi að fara í samkeppni við þá.

Alla jafna voru lesnar 3 bækur og stundin tók því um 30 mínútur. Fjöldi gesta var misjafn, allt frá tveimur börnum og upp í 15. Ávallt fylgdu einhverjir fullorðnir börnunum í lesstundina og því gat fjöldi gesta á safninu á laugardögum orðið nokkuð mikill. Fór fjöldinn yfirleitt eftir því hvort eitthvað annað var um að vera í samfélaginu á laugardögum eða ekki.



Samverustund fyrir börn og fullorðna

Á haustdögum hófust samræður bókavarðar og fjölmenningsfulltrúa sveitarfélagsins um samstarf. Úr varð að Nikolína Tintor var fengin til að skipuleggja *Samverustund fyrir börn og fullorðna* tvisvar í mánuði og var stundin haldin strax í kjölfar *Lesstundar barnanna* á laugardögum kl.14. Viðburðurinn var ekki auglýstur sem sérstakur viðburður fyrir fólk af erlendum uppruna þar sem meiningin var að fá sem flesta íbúa með börn til að mæta og eiga skemmtilega stund saman.

Nikolína hélt mjög vel utan um skipulagið og var fjölbreytt afþreying í boði. Allt frá föndri yfir í leiki með segulkubba. Mæting var alla jafna mjög góð og leiða má líkum að því að *Lesstundin* og *Samverustundin* hafi stutt hvor aðra hvað varðar gestafjölda.

Blómaskiptimarkaður

Í október var haldinn skiptiblómamarkaður á bókasafninu. Þátttaka var með minna móti og leiða má líkum að því að tiltölulega nýopnuð blómabúð í bænum hafi haft áhrif á vilja fólks til þátttöku á markaðinum. Mögulega hefði mátt líta á skiptiblómamarkaðinn sem óbeina samkeppni við blómabúðina og því verður endurskoðað hvort markaður af þessu tagi verði endurtekinn á komandi árum.

Flóamarkaður

Síðasta laugardag í október var haldinn flóamarkaður í samvinnu við *Umhverfis Hornafjörður* samtökin. Markaðurinn fór vel fram og þátttaka góð, bæði hjá seljendum og gestum sem heimsóttu markaðinn. Bókavörður sá um utanumhald á skráningu söluaðila sem og markaðssetningu.

Bókakynning - Endurminningar Guðjóns R. Sigurðssonar

Í október kom út bókin *Ævintýri og líf í Kanada – Endurminningar Guðjóns R. Sigurðssonar* en Guðjón var vesturfari sem flakkaði um Kanada árum saman en fluttist svo aftur heim í Hornafjörðinn á sjöunda áratugnum. Þórður Sævar Jónsson bjó endurminningar Guðjóns til prentunar og ritaði formála en

Þórður Sævar vann áður á Menningarmiðstöð Hornafjarðar og komst þar í kynni við handritið af bókinni.

Það var því tilvalið að útgáfuhófi bókarinnar færi fram hér á Höfn og las Þórður Sævar upp úr bókinni fyrir áheyrendur á Svavarssafni þann 28. október.

Rithöfundakvöld

Hið árlega rithöfundakvöld MMH fór fram fimmtudaginn 24. nóvember í Nýheimum. Sex rithöfundar sóttu okkur heim í þetta skiptið og voru það:

- Arndís Þórarinsdóttir las upp úr barnabók sinni *Kollhnís*
- Steinar J. Lúðvíksson las upp úr bók sinni *Skipin sem hurfu*
- Edda Falak las upp úr bók sinni *Það sem ég hefði viljað vita*
- Emil Hjörvar Petersen las upp úr glæpasögu sinni *Dauðaleit*
- Elísabet Jökulsdóttir las upp úr bók sinni *Saknaðarilmur*
- Arnþór Gunnarsson las upp úr bók sinni *Félag unga fólksins. Saga Ungmennafélagsins Sindra 1934-1966*



Skipulagning á viðburðinum var í höndum bókavardar sem var einnig kynnir kvöldsins. Kvöldið var vel heppnað og voru gestir um 35 talsins. Boðið var upp á kaffi, gos og konfekt gestum að kostnaðarlausu. Viðburðurinn var auglýstur á samfélagsmiðlum og í bæjarblaðinu Eystrahorni.

Nýheimakaffi

Starfsfólk MMH tók þátt í Nýheimakaffi þar sem „íbúar“ Nýheima sameinuðust einu sinni í mánuði á Nýrtorgi, gæddu sér á veitingum og röbbuðu saman um daginn og veginn. MMH sá um veitingar á samkomunni í desember og var hún því með jólalegu yfirbragði.

Lesið um jólasveinana

Frá mánudeginum 12. desember og fram að jólum var á hverjum degi lesið upp úr bókinni *Jólin koma* eftir Jóhannes úr Kötlum. Vísurnar um komu jólasveinanna vöktu mikla lukku hjá yngri kynslóðinni og skemmtilegar umræður sköpuðust oft um öll skrítnu orðin í vísunum og að sjálfsögðu hvað sveinarnir komu með í skóinn þá nóttina. Þó áheyrendafjöldinn hafi verið misjafn og oft fámennur var oftast nær mjög skemmtilegt og allir gengu glaðir út í kvöldmyrkrið að heimsókninni lokinni. Þetta sýnir að stundum geta stuttir og fyrirhafnarlitlir viðburðir vakið mikla lukku líkt og þeir sem stærri eru.

Skógjafir

Í samstarfi við *Umhverfis Hornafjörð* var útbúin karfa í afgreiðslu bókasafnsins þar sem jólasveinar gátu skilið eftir leikföng og gjafir sem aðrir jólasveinar gátu endurnýtt og sett í skóinn hjá öðrum börnum.



Jólafondur

Í desember mánuði var boðið upp á margskonar jólafondur á bókasafninu þar sem gestir safnsins gátu bæði fönðrað skemmtilegar jólakúlur úr gömlum og ónýtum bókum og litað jólamyndir o.s.frv.

Samfélagsmiðlar

Bókasafnið á ekki sína eigin síðu á samfélagsmiðlum en nýtir síðu Menningarmiðstöðvarinnar á öllum miðlum. Lögð var mikil áhersla að bókasafnið væri virkt og sýnilegt á samfélagsmiðlum seinnipart árs og skilaði það sér í mikilli og virkri umræðu um starfsemi Menningarmiðstöðvarinnar úti í samfélaginu.

Þegar þessi samantekt er rituð voru fylgjendur MMH á Facebook 1.421 talsins og fylgjendur á Instagram 410. Kvenkyns fylgjendur voru í meirihluta á báðum miðlum eða 50% á facebook og 76% á instagram. Á Facebook eru karlmenn 40% fylgjenda en 10% skrá ekki kyn sitt. Á instagram eru 24% fylgjenda karlmenn.

Ef aldursdreifing fylgjenda er skoðuð þá er nokkuð jöfn dreifing á milli fylgjenda frá 35 ára og uppúr á Facebook en flokkarnir eru fjórir (35-44/ 45-54/ 55-64/ 65+) og eru allir með 11-13% af fylgjendum MMH. Á instagram er hópurinn 35-44 ára í langmestum meirihluta fylgjenda eða 37% af fylgjendum MMH.



Rannsóknarsvið



Starfsemi

Meginverkefni rannsóknarsviðs Menningarmiðstöðvar er skráning jarðlægra menningarminja í Sveitarfélaginu Hornafirði. Fornleifaskráning og gerð húsakannana er mikilvægur þáttur í verndun og varðveislu menningararfsins. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er kveðið á um að skráning fornleifa skuli fara fram áður en skipulag er afgreitt og/eða framkvæmdaleyfi veitt. Fornleifar eru skráðar á vettvangi samkvæmt skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands svo skráningin teljist fullnægjandi. Á deiliskipulagsstigi gerir stofnunin auknar kröfur til vettvangsvinnu við fornleifaskráningu, aðallega uppmælingu minja og ítarlega leit að fornleifum á framkvæmdasvæðinu. Samkvæmt minjalögum er einnig kveðið á um að húsakönnun skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Húsaskráning er undanfari húsakönnunar og byggist á sagnfræðilegum heimildum og ítarlegri vettvangskönnun þar sem núverandi ástandi bygginga er lýst í máli og með myndum. Húsakönnun er byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun, byggð á sögulegum heimildum og varðveislumati.

Að kröfu Minjastofnunar er húsaskráningin unnin í rafrænu skráningarforriti *Huginn*, sem stofnunin lætur í té. Skráð eru eftirfarandi atriði: grunnskráning mannvirkis samkvæmt fasteignaskrá, upphafleg gerð, breytingasaga, núverandi gerð og saga mannvirkis. Í lokin er gert varðveislumat hvers mannvirkis. Skál allra heimilda getið í heimildaskrá. Með gerð húsakannana fæst yfirlit yfir byggingararfinn sem leggur grunn að því að unnt sé að móta stefnu um verndun hans.

Fornleifa- og húsaskráning vegna deiliskipulags

Á árinu 2022 var unnið að þremur skráningarverkefnum í landi sveitarfélagsins vegna skipulagsgerðar. Verkefnin vörðuðu bæði fornleifaskráningu og húsaskráningu. Húsaskráningin var unnin í samstarfi við EFLU verkfræðistofu sem sá um gerð húsakönnunar og varðveislumats í tilteknu verkefni.

Ósland

Í byrjun árs fór fram fornleifaskráning á iðnaðar- og athafnasvæði Hornafjarðarhafnar, frá Bátstanga að Óslandshæð, vegna endurskoðunar á deiliskipulagi fyrir umrætt svæði.

Óslandið var ein fjölmargra eyja og skerja í Hornafirðinum sem tilheyrðu jörðinni Horni í



Nesjum. Hornsbændur nytjuðu eyjuna fyrr á tímum eða þar til landsvæðið féll undir yfirráð Hafnarhrepps 1968. Um miðja 20. öld fóru bæjaryfirvöld á Höfn í umfangsmiklar landfyllingar suður af Heppu og Afkastahól út að Óslandi og er það svæði hluti af hafnarsvæði Hornafjarðarhafnar í dag. Syðsti hluti Óslands er friðlýstur fólkvangur en svæðið norðan Óslandshæðar er skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði.

Alls voru skráðir 9 minjastaðir innan skipulagsreitsins. Á Fjárhúshól við suðausturbakka Óslands eru tóftir og garðlög beitarhúsa frá því bændur á Horni nýttu Ósland með engjaslætti og úthagabeit allt fram á miðja 20. öld. Heimildir geta einnig götuslóða og mögulegs vörðubrots við suðurbakka Óslands. Gamlar sagnir herma að skipaumferð inn á Hornafjörðinn hafi átt sér stað löngu áður en verslunarstaðurinn við Hafnarvíkina var stofnaður rétt fyrir aldamótin 1900. Sagnirnar herma að skipalægið hafi verið við Ferjukletta, en örnefnið eitt og sér gæti staðfest þær sagnir. Allar skráðar minjar í þessu verkefni skilgreinast sem fornleifar samkvæmt aldursákvæðum minjalaga.

Útbær

Á vormánuðum óskaði skipulagssvið sveitarfélagsins eftir álitagerð á mögulegum minjum á skilgreindum skipulagsreit Útbæjar á Höfn. Svæðið afmarkast af rótum Afkastahóls að norðan, að vestan af strandlengju við Hornafjörð að norðanverðu Óslandi, en mörk þess að austan er athafnasvæði Hornafjarðarhafnar. Að stærstum hluta er reiturinn sem hér um ræðir landfylling frá því um og eftir miðja síðustu öld, þegar umfangsmiklar hafnar- og vegaframkvæmdir áttu sér stað sunnan Afkastahóls og suður að Óslandi. Engar þekktar fornleifar eru innan svæðisins en nyrst á skipulagsreitnum standa 3 hús, við Ránarslóð 2, 2A og 3. Húsin voru reist á árunum 1926 til 1983 og falla því ekki undir aldursákvæði minjalaga.

Víkurbraut - Álaugarvegur

Að beiðni skipulagsstjóra fór fram húsaskráning á tveimur lóðum á Höfn, Víkurbraut 1 og Álaugarvegi 2. Verkið var unnið í samvinnu við Eflu verkfræðistofu sem sá um þann hluta húsakönnunar er lýtur að varðveislumati húsanna.


- Við Víkurbraut 1 standa fimm hús í eigu Skinney-Þinganness hf, Skreiðarskemman og önnur saltfiskverkunarhús er tilheyrðu áður Kaupfélagi A-Skaftfellinga (KASK). Elsta mannvirkið er Skreiðarskemman, 2 braggar reistir um 1957, en það yngsta Langavitleysa sem upphaflega var reist sem veiðafærageymsla árið 1972.
- Við Álaugarveg 2 er hús Vélsmiðju Hornafjarðar, 1500 fm stálgrindarhús reist á árunum 1971-1973. Hlutfélagið Vélsmiðja Hornafjarðar var stofnað 1970 fyrir tilstilli KASK með þann tilgang að reisa stórt vélaverkstæði á Höfn, vegna vaxandi eftirspurnar fyrir þjónustu og tækjabúnað fyrir sístækkandi útgerð og fiskvinnslu á Höfn. Vélsmiðjan hóf starfsemi 1973 og var skipt í fjórar einingar: vélaverkstæði, bifreiðaverkstæði, smurstöð og verslun. Af þeim einingum varð vélaverkstæðið fyrirferðamest strax frá upphafi. Á sömu lóð stendur kyndistöð fyrir vélsmiðjuna, þrískipt mannvirki; kyndiklefi, loftpressa og eldsmiðja.

Búsetuminjar í landslagi

Skráning búsetuminja í héruðum Sveitarfélagsins Hornafjarðar hélt áfram á árinu 2022. Vorið 2020 hófu Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Þórbergssetur ehf. samstarf um skráningu fornra býla í sveitarfélaginu, með það markmið að vernda landfræðilega og sögulega þekkingu á búsetuminjum í Austur-Skaftafellssýslu. Samstarfið byggist á að skrá þessi fornu býli með ítarlegum hætti og leitast við að draga fram búsetusögu þeirra. Verkefninu er skipt í fimm hluta eftir sveitum héraðsins, Örnefi, Suðursveit, Mýrar, Nes og Lón. Byrjað var að skrá minjar í Suðursveit og sumarið 2021 var haldin sýning á bókasafninu með veggspjöldum þar sem valin bæjarstæði úr Suðursveit voru kynnt almenningi. Samtímis var opnuð vefsíðan www.busetuminjar.is, en þar er fjallað ítarlega um þau fornu býli í sveitarfélaginu sem skráð eru nú þegar. Í sumarbyrjun 2022 hélt áfram skráning búsetuminja á

Mýrum, í samstarfi við Sigurð Hannesson, fyrrum starfsmann Menningarmiðstöðvar. Sigurður er Mýramaður og vel kunnugur staðhátum og er það mikilvægt að hafa aðgang að upplýsingum staðkunnugra þegar slík verkefni eru unnin.

Meðal gamalla bæjarstæða sem skráð voru þetta árið eru Viðborð, Haukafell, Skinney og Bakki, ásamt minjum í landi Digurholts. Stefnt er að því að ljúka skráningu á árinu 2023. Unnið verður með sama hætti að úrvinnslu og kynningu á búsetuminjum á Mýrum og gert var um Suðursveit, með veggspjaldasýningu og miðlun á vefsíðu verkefnisins. Yfir verkefninu eru sem fyrr Sigríður Guðný Björgvinsdóttir, landfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Þorbjörg Arnórsdóttir forstöðumaður og Fjölur Torfason frá Þórbergsetri.



NICHE – óáþreifanlegur menningararfur

Í júní sótti starfsmaður rannsóknarsviðs fræðsluerindi á vegum Nýheima þekkingaseturs um *NICHE verkefnið; frumkvöðlastarf um óáþreifanlegan menningararf*. Verkefnið miðar að því að efla menningarlegt frumkvöðlastarf með því að leggja aukna áherslu á óáþreifanlegan menningararf. Til óáþreifanlegs menningararfs heyra 5 svið: a) munnlegar hefðir og tjáning, m.a. tungumál b) sviðslistir c) félagslegir siðir, t.d. athafnir og hátíðir d) þekking og venjur er varðar náttúru e) þjóðlegt handverk. Erindið var mjög fræðandi og sköpuðust góðar umræður meðal gesta um margvíslegan hornfirskan menningararf sem gæti þróast í hugmyndir að frumkvöðlaverkefni.

Einu sinni var – stefnumót við framtíðina

Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri, í samstarfi við íslenskar og erlendar stofnanir, stóð fyrir ráðstefnu í Veröld - húsi Vigdísar þann 16. júní, um miðlun menningararfsins. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Einu sinni var... stefnumót við framtíðina*, þverfaglegt stefnumót um stafræna miðlun og varðveislu menningararfsins á Norðurslóðum (PHIVE - Promoting Heritage in Virtual Environments Promoting). Fjöldmörg erindi í málstofum voru kynnt þátttakendum og sýnt var að mikil þróun hefur átt sér stað í hinum stafræna heimi, ekki síst hvað varðar sýndarveruleikann. Ráðstefnan var afar áhugaverð og ljóst er að framtíðin liggur ekki síður í heimi stafrænnar miðlunar en dæmigerðs sýningarhalds innan safna, er varðar framsetningu á sögu og menningu þjóða.

Fell í Suðursveit – saga þess í fortíð, nútíð og framtíð

Í lok október fór fram málþing í Þórbergsetri er bar yfirskriftina: *Fell í Suðursveit, saga þess í fortíð, nútíð og framtíð*. Dagskrá þingsins samanstóð af fjölbreyttum erindum fræðimanna frá sveitarfélaginu. Fjallað var um sögu jarðarinnar frá ýmsum hliðum, allt frá landmótun af völdum Breiðamerkurjökuls til bókmennta- og menningarlegra sjónarhorna. Starfsmaður rannsóknarsviðs sagði frá mannvistinni á Felli, rakti búsetusögu þess og lýsti þeim minjum sem enn má sjá í landslaginu. Einnig var kynntur möguleiki á stafrænum miðli um sögu jarðarinnar, með sýndarveruleikann að leiðarljósi. Vilji er fyrir áframhaldandi samstarfi milli þeirra stofnana sem að málþinginu komu, ásamt Vatnajökulspjóðgarði, að þróa nánari útfærslu á stafrænum miðli fyrir Fell.

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu



Starfsemi

Héraðsskjalasöfn eru sjálfstæð opinber skjalasöfn undir faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands. Héraðsskjalasöfn starfa í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 auk þess sem ýmis önnur lög og reglur hafa áhrif á starfsemi og rekstur þeirra. Rekstur héraðsskjalasafna er á ábyrgð þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga sem að þeim standa. Héraðsskjalasöfn hafa ábyrgðarmikið hlutverk þegar horft er til rekjanleika og gagnsæis í stjórnsýslu sem og réttindum almennings.

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu var formlega opnað á Höfn þann 6. mars 1987. Aðdragandi að stofnun skjalasafns er þó talsvert lengri en hugmyndin kom fyrst fram á Bændafundi Austur-Skaftafellinga 1956 og var Héraðsskjalasafni Austur-Skaftafellssýslu í kjölfarið komið komið á fót, samkvæmt gildandi lögum þar um, í samráði við Þjóðskjalavörð. Safnið var fyrst til húsa að Krosseyjarvegi 17 en er nú staðsett innan Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar í Nýheimum að Litlubrú. Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu er rekið af Sveitarfélaginu Hornafirði og heyrir skjalasafnið undir Atvinnu- og menningarmálanefnd og forstöðumann Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Stöðugildi við skjalasafnið er eitt og er starfandi skjalavörður Dagur Snær Guðmundsson sem tók við af Halldóru Jónsdóttur um mitt ár 2022.

Verkefni

Það er ávallt í mörg horn að líta í starfsemi héraðsskjalasafns. Nýr skjalavörður tók við af Halldóru Jónsdóttur í júní 2022 og fóru fyrstu mánuðir skjalavarðar í að fræðast um heildarsafnkost skjalasafnsins. Í ársskýrslu 2021 tekur skjalavörður fram að talið er að skjalageymsla safnsins fyllist árið 2022 og svo virðist raunin. Tók skjalavörður það að sér sem fyrsta verkefni að laga til í geymslunni og reyna að búa til pláss svo mögulegt væri að taka við afhendingum aðeins lengur. Gekk verkefnið vel og hefur verið búið til pláss og mun skjalavörður halda áfram að laga til í geymslunni. Þetta er hins vegar tímabundin lausn á stærra vandamáli og ekki mun vera hægt að færa hluti til að eilífu. Því er mikilvægt að stofnanir stefni í átt að rafrænum skilum svo hægt verði að taka við gögnum á stafrænan máta. Héraðsskjalasafn varð sér út um kortaskápa og getur skjalavörður þá flokkað og skráð kort í skápana og þar með losa hillupláss. Það er mikilvægt að rekstraraðilar héraðsskjalasafnsins taki þessa stöðu alvarlega og hefji nú þegar vinnu við úrbætur á aðstöðu skjalasafnsins svo að koma megi í veg fyrir að mikilvæg skjöl, sem hafa þýðingu fyrir hag stjórnsýslunnar og réttindi borgaranna, glástist. Sífellt fleiri einstaklingar, fyrirtæki og félagssamtök leita til héraðsskjalasafnsins til að fá upplýsingar um gögn og aðgang að skjölum vegna breytingar á persónuverndarlöggjöf. Reynir skjalavörður því



eftir bestu getu að aðstoða svo að upplýsingar komist til skila á eins fljótlegan og gagnlegan hátt og hægt er.

Kvísker

Í byrjun árs hóf Menningarmiðstöðin að flokka og skrásetja menningarminjar á Kvískerjum og var það mjög umfangsmikið verkefni. Þessar minjar eru ýmis rannsóknar- og vísindagögn, bókasafn, munir og minjar daglegs lífs auk listmuna og smíðisgripa. Auk þess voru í útihúsum áhöld og verkfæri og aðrir munir frá langri sögu búsetu á Kvískerjum. Alls voru fluttar 300 öskjur af skjölum á héraðsskjalasafnið og 7 bretti af munum í varðveisluhúsnæði byggðasafnsins. Er það verkefni starfsmanna að skrásetja þennan safnkost og undirbúa til framtíðarvarðveislu.



Fundir og fræðsla

Meðal námskeiða sem skjalavörður sótti voru námskeið í hagnýtri skjalfræði á vegum Háskóla Íslands þar sem skjalavörður stundar fjarnám. Skjalavörður sótti haustráðstefnu Félags Héraðsskjalavarda sem haldin var í Dalvík ásamt vorfundi opinberra skjalasafna hjá Þjóðskjalasafni Íslands í Reykjavík. Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu hefur verið í samstarfi við nokkur héraðsskjalasöfn í kringum landið og þar má aðallega nefna klasasamstarf við héraðsskjalasöfn á Suðurlandi vegna innleiðingar rafrænna skila til héraðsskjalasafna. Einnig vinna starfsmenn héraðsskjalasafnsins að samstarfi við Héraðsskjalasafn Árborgar að því að koma upp miðlunarvefi á vefsíðu Menningarmiðstöðvarinnar og áætlað er að hann verið kominn á netið næsta ár. Héraðsskjalavörður situr nú í stjórn héraðsskjalasafna á Íslandi.

Rekstrarstyrkur

Í fjárlögum ársins 2021 kemur fram að fjárveiting til héraðsskjalasafna er kr. 31.500.000. Þar af er rekstrarstyrkur kr. 15.200.000 og verkefnastyrkur kr. 16.300.000. Úthlutun hvers árs er sem hér segir: 45% rekstrarstyrks er deilt jafnt niður á öll héraðsskjalasöfn sem hafa rekstrarleyfi.

Að auki er 40% rekstrarstyrks deilt jafnt niður á héraðsskjalasöfn sem hafa 1-2,9 stöðugildi eða 5.000 til 14.999 íbúa í sínu umdæmi.

Að auki er 10% rekstrarstyrks deilt jafnt niður á héraðsskjalasöfn sem hafa 3-4,9 stöðugildi eða 15.000 til 49.999 íbúa í sínu umdæmi.

Að auki er 5% rekstrarstyrks deilt jafnt niður á héraðsskjalasöfn sem hafa 5 stöðugildi eða fleiri eða 50.000 íbúa eða fleiri í sínu umdæmi.

Afhendingar

2022/1 Félagsvinurinn, 0,03 hillumetrar, Hafdís Roysdóttir afhenti.

2022/2 Kvenfélagið Björk, 0,03 hillumetrar, Hafdís Roysdóttir afhenti

2022/3 Grunnskóli Hornafjarðar, Höfn, 1,6 hillumetrar, Elsa Hauksdóttir afhenti

2022/4 Sláturfélagið Búi, 0,3 hillumetrar, Hermann Hansson afhenti

2022/5 Útvarp Höfn í tilefni 40 ára afmælis Hafnarhrepps 1986, 0,06 hillumetrar, Arnþór Gunnarsson afhenti.

2022/6 Sigurbjörg Gísladóttir, Höfn, 0,03 hillumetrar, Ólöf Sverrisdóttir afhenti

2022/7 Kvísker, óþekkt magn hillumetra, Gísli Jóhannsson, Laufey Helgadóttir, Halldóra Oddsdóttir afhentu

2022/8 Vatnajökulspjóðgarður, Höfn, 0,06 hillumetrar, Helga Árnadóttir afhenti

2022/9 Papós, 0,03 hillumetrar, Ari Þ. Þorsteinsson afh.



Viðauki 1

Adventuhátíð Dagskrá

Nýheimar

14:00-17:00 Jólamarkaður

14:00 Bíó

15:00 Hljómsveitin Fókus

15:45 Karlakórinn Jökull

16:15 Samkórinn

Benjamin Kröger leikur ljúf jólalög yfir daginn

Bókasafn

15:30-16:30 Andlitsmálun

14:00-17:00 Jólafjör - litir og föndur

Miðsvæði

16:45 Lúðrasveitin spilar við jólatréð

17:00 Sigurjón Andrússon, bæjarstjóri ávarpar

17:00 Kveikt á jólatréi sveitarfélagsins

Heyrst hefur að jólasveinarnir munu láta sjá sig
kl. 14:30, 15:30 og 16:30 í Nýheimum



Viðauki 2

Eystrahorn

33. töl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 29. september 2022

www.eystrahorn.is

Ekki yfirtaka heldur samlífi

Rúna Thors, einn sýningarstjóra Tilraun Æðarrækt sem nú má sjá inni á Svavarssafni og víðar (bókasafni, sundlaug, Gömlubúð og Miðbæ) þekkir vel til á Höfn, en hún vann hér eitt sumar og hefur sjálf sýnt í Svavarssafni. Rúna er vörubönduður og lektor við Listaháskólann, en á sýningunni má sjá ýmsar tilraunir með æðadún.

Geturðu sagt okkur aðeins frá tilurð sýningarinnar?

Talsmenn Æðarræktarfélags Íslands leituðu til mín árið 2018 og óskuðu eftir einhvers konar verkefni í tilefni af afmæli félagsins. Við Hildur Steinþórsdóttir, sem áður höfum unnið saman að sýningum, völdum fjölbreyttan hóp listamanna í Danmörku, Noregi og Íslandi, þöruðum einhver þeirra saman en önnur unnu sjálfstætt. Æðarfuglinn er einungis á landi um 25 daga á ári, á varptímanum, en býr annars á sjó. Við teygðum rannsóknarhlutann yfir þrjú ár svo þátttakendur fengu tækifæri til að heimsækja fuglinn oft. Við heimsóttum æðarbændur um land allt og kynntum okkur ólíkar aðstæður og aðferðir þeirra. Listamennirnir unnu svo að sínum verkum og við funduðum reglulega með þeim. Sýningin var fyrst sett upp í Norræna húsinu í vor og Magnús hjá Trúss flutti hana svo til Hafnar.

Var það eitthvað sem kom þér á óvart við æðarfuglinn? Leynir hann á sér?

Heldur betur. Til dæmis að hormónabreytingar valda því að dúnninn losnar af bringu kollunnar svo líkamshitinn nái til eggjanna á meðan hún liggur á. Svo fannst mér merkilegt að um 75% æðardúns sem unninn er í heiminum kemur frá Íslandi. Síðan var það samband fuglsins og æðarbóndans. Við heiluðumst öll af þessu sjálfbæra samlífi og það varð eins konar rauður þráður í gegnum sýninguna. Fuglinn kemur ár eftir ár til sama bóndans og á milli þeirra skapast mikið traust og í raun vinátta.



Rúna og Hanna Dís hófu leiðsögn fyrir gesti í Svavarssafni

Hvernig var að aðlaga sýninguna að Höfn? Er þetta yfirtaka?

Það var virkilega skemmtilegt að setja sýninguna upp við nýjar aðstæður. Ég fékk Hönnu Dís Whitehead til liðs við mig sem er kunnug öllum staðhættum. Við ásum fljótt að verkin myndu ekki öll rúmast inni á Svavarssafni, en við vildum ekki sleppa neinum verkum. Við ákváðum því að leita út fyrir veggi safnsins og okkur var alls staðar tekið opnum örmum. Ég myndi vilja segja að þetta sé meira eins og samlífi heldur en yfirtaka. Svipað og hjá æðarfuglum og bændum. Starfsmenn Gömlubúðar, Miðbæjar, Nyheima, sundlaugarinnar og Svavarssafns vernda verkin, líkt og æðarbændur vernda fuglana.

Hvert er svo framhald sýningarinnar, stefnið þið á landvinninga?

Sýningin fer næst upp í Vega í Noregi, sem er á heimsminjaskrá, meðal annars vegna æðarræktar á svæðinu. Svo er ekki útilokað



Rúna segir frá í Gömlubúð að sýningin fari til Danmerkur, og jafnvel víðar, en það mun tíminn að leiða í ljós.

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is



Á Listasafni Svavars Guðnasonar stendur nú yfir sýningin Hreyfing í föstum formum og litum á verkum Svavars. Myndin er tekin af sýningu Erðu Þórarinsdóttur í safninu 2021.

Líf og starf | 7. september 2022

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Höfundur: Eyrún Helga Ævarsdóttir, forstöðumaður.

Árið 1990 var Menningarmiðstöð Hornafjarðar stofnuð, með sameiningu nokkurra safna.

Menningarmiðstöðin vinnur að metnaðarfullri menningarstarfsemi innan sveitarfélagsins og starfrækir sex söfn; bóka-, byggða-, héraðsskjala-, lista-, náttúrugripa- og sjóminjasafn, ásamt atvinnu-, ferða- og rannsóknarsviði sem starfar þvert á einingarnar.

Sýningar á vegum safnanna eru mikilvægur þáttur í safnastarfinu. Við uppsetningu sýninga leggjum við áherslu á sérstöðu Hornafjarðar og samfélagsins sem þar er og var.

Listasafn Svavars Guðnasonar var opnað við hátíðlega athöfn 24. júní 2011. Sveitarfélagið hafði fengið fjölda verka Svavars að gjöf frá Ástu Eiríksdóttur, ekkju hans. Með gjöfinni var lagður grunnur að stofnun Svavarssafns sem enn í dag sýnir verk hans og annarra listamanna. Nú stendur yfir sýningin Hreyfing í föstum formum og litum, sem er sýning á geómetrískum abstraktverkum Svavars, og er Jón Proppé sýningarstjóri.

Byggða- og náttúrugripasafnið í Gömlubúð var mikill ævintýra- heimur, en nú bíða munir safnsins eftir nýju sýningarhúsnæði.

Vonast er til að koma safninu í gott sýningarhúsnæði á næstu árum. Þó að byggðasafnið hafi ekki aðstöðu til að sýna í sýningarsal þá nýtir starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar hvert tækifæri til að sýna munina.

Þegar þrengt er að sýningaraðstöðu safna þá er starfsfólk fjótt að miða út þá staði sem hægt er að nýta undir litlar sýningar og eru þær settar upp þegar tækifæri gefst. Aukinheldur er varðveisluhúsnæði stofnunarinnar gott og stórt og þar er tekið á móti hópum.



Skráning menningarminja

Vorið 2020 hófst skráning eyðibýla í sveitarfélaginu, í samstarfi við Þórbergssætur og fleiri aðila. Verkefnið kallast Fornbýli, búsetu- og menningarminjar í landslagi í Austur-Skaftafellssýslu og felst í að kortleggja þau fjölmörgu býli og hjáleigur sem farið hafa úr ábúð í sýslunni, sum hver fyrir árhundruðum síðan.

Sýnilegar minjar, s.s. húsatóftir, garðlög og aðrar mannvistarleifar, eru mældar upp og lýst í máli og myndum. Leitast er við að draga fram búsetusögu hvers býlis út frá margvíslegum heimildum, þ.á m. þekkingarbrunni heimamanna. Með verkefninu verður gerður sýnilegri merkilegur þáttur í sögu forvera okkar sem hér bjuggu fyrir á öldum. Hefur verið stofnuð vefsíðan www.busetuminjar.is og þar má sjá niðurstöður skráninga í Suðursveit. Unnið er að skráningu á Mýrum og má vænta niðurstöðu hennar á heimasíðunni á næsta ári.

Starfsfólk Menningarmið- stöðvarinnar, ásamt landeigendum Kvískerja og Gísla Sverri Árnasyni, vinnur að verndun sögu Kvískerja. Markmiðið er verndun þeirra skjala og minja sem viðkoma sögu systkinanna á Kvískerjum og rannsókna þeirra á náttúru og staðháttum. Starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar sér um að skrá, flokka og pakka menningarminjum og skjölum frá Kvískerjum og stefnt er að því að ljúka þökkuninni fyrir ágústlok. Við tekur skráning og forvarsla skjala og muna í varðveisluhúsnæði byggða- og skjalasafnsins.

Viðburðir

Auk sýningarstarfs og skrásetningar menningararfs stendur Menningar- miðstöð Hornafjarðar fyrir fjölbreyttu menningarstarfi í sveitarfélaginu, hátíðum og viðburðum þar sem samfélagið getur komið saman og hlýtt á fallega tóna eða fræðst um spennandi málefni.

Barnastarf Menningarmið- stöðvarinnar er vel sótt á sumrin, þar er boðið upp á styttri ferðir um svæðið svo krakkar fái tækifæri til að kynnst nærumhverfi sínu á nýjan hátt. Farið er í báts- og rútuferðir, lífríki kynnst með sveitaheimsóknum og smásjám, saga samfélagsins könnuð og listasmiðjur haldnar.

Einnig hefur bókasafnið staðið að lestrarátakinu Sumarlestri, sem hvetur börn til að lesa yfir sumarmánuðina og veitt eru hvatningarverðlaun að hausti.



Að loknum fundahöldum síðasta föstudag hjá kennurum í FAS var farið á Svavarssafni til að skoða sýninguna um æðarrækt á Íslandi. Snæbjörn Brynjarsson safnvörður tók á móti hópnum og sagði frá tildrögum þess að sýningin er hingað komin. Sýningin var opnuð um miðjan september og tengjast nokkur verk hennar út fyrir safnið. Þau er m.a. að finna í Nýheimum, Nettó og Gömlubúð.

Það var mjög gaman að sjá þessa sýningu og það var enn skemmtilegra að sjá hvað heimurinn er oft lítill. Tveir listamennanna sem eiga verk á sýningunni eiga tengingar til okkar á suðausturhorninu. Signý Jónsdóttir er nemandi í fjallamennskunáminu í FAS. Hún hefur lært hönnun og líka komið að æðarrækt austur á fjörðum. Hún hannaði kápu til að safna æðardún, hanska til að tína dún og höfðufat í kórónulíki sem er líka hentugt til að fæla burtu kríur en oft verpa kríur og æðarfugl á sama svæði. Hanna Jónsdóttir sem á ættir að rekja í Suðursveit hannaði blómavasa sem eru á sýningunni. Vasarnir eru eftirlíking af æðarfugli sem stungur sér eftir æti.

Þá komumst við að því að sýningin sem er farandsýning fer næst til eyjarinnar Vega í Noregi. Eyjan er á Heimsminjaskrá UNESCO. Fyrir rúmlega mánuði var hópur nemenda í FAS í heimsókn í Brønnøysund í Noregi og fór til Vega, gisti þar og vann að verkefnum. Meðal þess sem hópurinn kynntist á Vega er nýting æðardúns á svæðinu.

Það er sannarlega gott að líta upp úr amstri hversdagsins og kynnast einhverju nýju og sú var raunin á Svavarssafni síðasta föstudag. Við hvetjum alla til að skoða þessa skemmtilegu sýningu – hvort sem er á Svavarssafni eða öðrum stöðum þar sem hluta sýningarinnar er að finna. Og kærar þakkir fyrir góðar móttökur.



Hlynur og Þórbergur mætast í Svavarssafni

Með ritstjórn - 12. maí 2022

253 0




<https://eystrahor n.is/hlynur-og-thorbergur-maetast-i-svavarssafni/>

Húsfyllir á bókakynningu í Svavarssafni

Með ritstjórn - 3. nóvember 2022

238 0



<https://eystrahorn.is/husfyllir-a-bokakynningu-i-svavarssafni/>

Nektargjörningur Elísabetar vekur athygli – „Mjög frelsandi og fólk er ekkert hneykslað“



Fókus

Þriðjudaginn 29. nóvember 2022 15:38



Elísabet Jökulsdóttir Mynd: Hanna

<https://www.dv.is/fokus/2022/11/29/nektargjorningur-elisabetar-vekur-athygli-mjog-frelsandi-og-folk-er-ekkert-hneykslad/>

<https://www.visir.is/g/20222345444d/-svo-sveifladi-eg-kjolnum-af-mer-til-thess-ad-syna-ad-eg-vaeri-lika-eitthvad-fallegt->

Djöfullegur leiklestur í Svavarssafni

Með ritstjórn - 14. nóvember 2022

226 0



<https://eystrahorn.is/djofullegur-leiklestur-i-svavarssafni/>

Blámi í Svavarssafni

Méð ritstjórn - 23. febrúar 2023

527 0



<https://eystrahorn.is/listasyning-blami/>

Vinnusmiðja á vegum Svavarssafns

Méð ritstjórn - 23. mars 2023

116 0



<https://eystrahorn.is/vinnusmidja-a-vegum-svavarssafns/>

Bókmenntir og dans í Svavarssafni

Méð ritstjórn - 2. júní 2022

211 0



Frá gjörningi í Gómlubúðinni á Fagurhólsmýri. Mynd: Tim Junge

<https://eystrahorn.is/bokmenntir-og-dans-i-svavarssafni/>



Viðauki 3

Barnastarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar 2022

Ferðir í sumar:

- 7. júní Flatey – heimsókn í fjós.
- 14. júní Óslandið - fuglaskoðun.
- 21. júní Fjöruferð.
- 28. júní Hestaferð.
- 5. júlí Pottaferð - Hoffell.
- 12. júlí Listasmiðja á safninu.
- 19. júlí Mikley.
- 26. júlí Þorgeirsstaðafossar.
- 9. ágúst Óvissuferð.

Fylla þarf út leyfisblöð við fyrstu ferð barns og fást þau á bókasafninu. Skrá þarf í hverja ferð á mánudögum og fer skráning fram í síma 470 8050.

Nú líður að því að barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar fari af stað. Þar gefst krökkum tækifæri á að kynnast nærumhverfinu á nýjan hátt.

Í ár munum við ferðast um víðan völl og hlakkar okkur til að sjá sem flesta í barnastarfi sumarsins. Ferð verður af stað kl.13:00 alla þriðjudaga nema annað sé tekið fram.

Ferð verður afstað frá Nýheimum. Við minnum ykkur á að koma klædd eftir veðri og með nesti.

Frítt er í allar ferðir.

Birt með fyrirvara um breytingar



Viðauki 4

MENNINGARMIÐSTÖÐ HORNAFJARÐAR

Júlí 2022



SUMARIÐ ER TÍMINN

Nú leikur sumarið við okkur og túnin orðin græn. Menningarmiðstöð Hornafjarðar hefur skipt um gír og er komin í sumarskap eftir veturinn. Þó Covid-19 veiran hafi leikið heimsbyggðina grátt undanfarin misseri horfum við björtum augum fram á við og tökum fagnandi á móti sumrinu.

Litið yfir farinn veg

Á tímamótum er gjarnan litið yfir farinn veg. Í vetur hefur starfið hjá Menningarmiðstöðinni verið fjölbreytt sem endranær. Viðburðir og sýningar hafa verið fjölmargar, má þar nefna tónleika,

bíósýningar og fyrirlestra, menningarhátíð, jólahátíð, listasmiðjur fyrir börn, sögustundir í bókasafninu og föndur.

Á bókasafninu hefur barnahorninu verið breytt og unglingabækurnar færðar í barnahornið. Oft skapast þar mikið fjör og börnin leika sér þar tímum saman.

FRÉTTABRÉF Í UPPHAFI SUMARS

Eins og undanfarin ár ætlum við að bjóða börnum frá 7 ára aldri að koma með okkur í lítið ferðalag á þriðjudögum. Yngri en 7 ára geta komið með en þau þurfa að hafa einhvern fullorðinn með sér.

Við ferðumst bæði innan bæjar og utan, en það er Fallastakkur þeirra Laufeyjar og Gulla sem sér um aksturinn í ferðum um sveitirnar og í þeim skoðum við umhverfið okkar og fræðumst dálítið í leiðinni.



Frá barnastarfi MMH 2017

Bóksöluvagninn er enn á sínum stað og bætast nýir titlar í hann reglulega. Við hvetjum ykkur til að koma og næla ykkur í lesefni, hvort sem er í bóksöluvagninum til eignar eða í safnkostinn til útláns. Dagblöð og tímarit eru á sínum stað og þar má finna fjölbreytt efni.

Á bókasafninu opnaði sýningin [] í samstarfi við gallerý MUUR fjallað sýningin um tæknina sem er stöðugt að samtvinnast raunveruleika okkar og samruni hins eiginlega veruleika og sýndarveruleika virðist óhjákvæmilegur. Þá opnaði einnig sýningin Sögur á safninu en voru þar sýnd myndverk rithöfunda úr einkasafni Soffíu Auðar Birgisdóttur.

Þá hafa þar verið áberandi listsýningarnar frá yngstu íbúum sveitarfélagsins. Þar má

Í nóvember s. l. voru nöfnin skráð og afraksturinn hafður til sýnis á bókasafninu. Þar höfðu bæjarbúar og aðrir kost á því að skoða skiltin og leiðréttu eða bæta inn örnefnum. Nú hefur skiltunum verið komið fyrir á þeim stað sem þeim var ætlaður og má finna þau við göngustíginn við Leiðarhöfða, Heilsugæsluna og á Ægissíðu.

Hanna Dís Whitehead vann í samstarfi við Menningarmiðstöðina Verk í vinnslu. Þar sýndi hún flosteppi sem unnin hafa verið með flosbyssu síðustu vikur. Teppin eru innblásinn af munum úr safneign Náttúrugripasafnsins og Byggðasafnsins t.d. steinum, fuglum og luktum. Verkin voru sum í vinnslu en önnur fullkláruð og var gestum og gangandi boðið að koma að kynna sér aðferðir og ferlið við gerð slíkra teppa.

Hanna Dís hlaut í ár menningarverðlaun sveitarfélagsins en verk hennar hafa vakið verðskuldaða eftirtekt og er hún eftirsóttur hönnuður víðs vegar um heim. Hanna hefur haldið sýningar í heimabyggð, Reykjavík og víða erlendis og komið fram í ótal viðtölum bæði í blöðum og sjónvarpi.

Hanna Dís hefur meðal annars unnið að fjölda sýninga og skipulagt listasmiðjur fyrir börn fyrir Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Svavarssafnið en hún hefur sérstakan áhuga á að ýta undir listáhuga barna.

Þessa stundina heldur Hanna Dís listnámsleið fyrir börn í samstarfi við Menningarmiðstöðina. Einu námskeiði er nýlengið og verið er að huga að dagsetningum að næstu námskeiðum í sumar.

Byggðasafnið er með opna, fasta sýningu í Verbúðinni. Verbúðin í Miklagarði er uppgerð íbúð en áður voru sjö verbúðir í Miklagarði. Tvær áhafnir rúmuðust í hverri íbúð auk tveggja ráðskvenna sem sáu um



eldamennsku og þrif. Það er ótrúlegt að ekki sé lengra en um það bil 60 ár síðan fólk bjó og vann við þessar aðstæður.

Sýningin í Miklagarði er opin samhliða Gömlubúð, kl. 9-18 í allt sumar.

SPENNANDI TÍMAR FRAMUNDAN

Skráning menningarminja í Sveitarfélaginu Hornafirði er megintilgangur rannsóknarsviðs Menningarmiðstöðvar. Vorið 2020 hófst skráning fornra eyðibýla í sveitarfélaginu í samstarfi við Þórbergssetur og fleiri aðila. Verkefnið fékk heitið Fornbýli, búsetu- og menningarminjar í landslagi í Austur-Skaftafellssýslu og felst í að kortleggja þau fjölmörgu fornu býli og hjáleigur sem farið hafa úr ábúð, sum hver fyrir árhundruðum síðan. Sýnilegar minjar, s.s. húsatóftir, garðlög og aðrar mannvistarleifar eru mældar upp nákvæmlega og lýst í máli og myndum. Leitast er við að draga fram búsetusögu hvers býlis út frá margvíslegum heimildum en ekki síst verða upplýsingar sóttar í þekkingarbrunn heimamanna. Með þessu verkefni reynist hægt að gera sýnilegri merkilegan þátt í sögu forvera okkar sem bjuggu hér í Austur-Skaftafellssýslu fyrr á öldum. Nú hefur verið stofnuð netsíðan www.busetuminjar.is og þar má nú sjá niðurstöður skráningar í Suðursveit.



Unnið er að skráningu á Mýrum og má vænta niðurstöðu þeirrar vinnu á heimasíðu verkefnisins á næsta ári.

Starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar í samstarfi við landeigendur Kvískerja og Gísla Sverri Árnason vinna að verndun sögu Kvískerja. Þá er þar einna helst litið til verndunar þeirra skjala og minja sem viðkoma sögu systkinanna á Kvískerjum og rannsókna þeirra á náttúru og staðhættum. Starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar sér um að skrá, flokka og pakka menningarminjum og skjölum frá Kvískerjum. Stefnt er að því að klára að pakka minjunum niður fyrir ágústlok og við tekur svo skráning og forvarsla skjala og frágangur muna í safnhirslur byggða- og skjalasafnsins.

Í sumar hefur skjalasafnið leitað til íbúa eftir myndum af uppbyggingu og starfi Nýheima til skráningar. Þær má koma með á héraðsskjalasafnið og fá afritaðar eða senda þær til okkar póst á skjalasafn@hornafjordur.is

Nú snúum við okkur að sumarstarfinu með barnastarfið efst á baugi. Fyrsta ferðin var farin þriðjudaginn 7. júní frá Menningarmiðstöðinni í Nýheimum og var ferðinni heitið í Flateyri að skoða kýrnar og kálfa. Því næsta var farið í Óslandið í fuglaskoðun með Birni Arnarsyni, við fórum

Hafðu samband



MENNINGARMIDSTÖÐ HORNAFJARÐAR

Nýheimar, Litlabrú 2 - 780 Höfn
Sími: 470 8050 - www.mmh.hornafjordur.is

einnig í fjöruferð að Horni og skoðuðum Víkingaþorpið og hestaferð í Borgarhöfn. Eins og áður er starfið blandað af útiveru, listasmiðjum og fræðslu. Fallastakkur sér að vanda um akstur í lengri ferðum og það kostar ekkert að koma með í ferðirnar í sumar.

Það er nauðsynlegt að skrá sig daginn fyrir brottför svo að við vitum hvað við eigum von á mörgum krökkum. Einnig er mikilvægt að vera vakandi fyrir auglýsingum varðandi tímasetningar, því þær geta verið breytilegar. Svo er um að gera að klæða sig eftir veðri og taka með sér smá nesti og góða skapið og hvetjum við foreldra til að skoða dagskránnar og skrá börnin í fræðandi og skemmtilegar ferðir.

**Finna má ferðadagskrána og allar upplýsingar um starf
Menningarmiðstöðvarinnar inn á Facebook síðu stofnunarinnar
www.facebook.com/menningarmidstod**

SUMARKVEÐJA

Að lokum sendum við sumarkveðjur út til ykkar, njótið sumarsins og alls þess fallega og góða sem nærúmhverfið hefur upp á að bjóða. Það ætlum við að gera.



nefna litríkar myndir sem prýddu safnið á dögum hinsegin vikunnar og verkin sem uppi eru á safninu í dag sem sýna eldgos og voru unnin í samstarfi við Grunnskóla Hornafjarðar og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði.

Meðal viðburða í Svavarssafni eru sýningarnar Hringfarar, Harmljóð um hest, Hús kveðja og nú loks Hreyfing í formi og litum. Hringfararnir voru þau Guðjón Ketilsson, Elsa Dóróthea Gísladóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir og Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, en sýningin rannsakaði meðal annars litbrigði Hornafjarðar, og hlaut styrk frá barnamenningsræði til að halda námskeið fyrir ungmenni á Höfn. Það námskeið heppnaðist vel og var afraksturinn sýndur í ráðhúsinu.

Í febrúar tók við sýning Hlyns Pálmasonar Harmljóð um hest, ljósmyndaverkefni sem listamaðurinn vann að árum saman. Gestum Svavarssafns gafst kostur á því að kynnast hringrás lífs og dauða, en sýningin vakti mikla eftirtekt og umtal. Í lok sýningartímans las Soffía Auður Birgisdóttir

upp átakanlega frásögn Þórbergs Þórðarsonar um dauðastríð hests sem talaði til sýningarinnar á athyglisverðan hátt.

Í maí tók við listahátíð öræfingsins Evu Bjarnadóttur, Hús Kveðja.

Allir Hornfirðingar fengu sent blað með dagskránni en á henni voru umræðukvöld, danssýningar, tónleikar, gjörningar og pönnukökuboð svo eitthvað sé nefnt.

Sýningin fjallaði um sögu kaupfélaga í Austur-Skaftafellssýslu á nýstárlegan og óvæntan hátt.

Nú stendur yfir sýning á geómetrískum abstrakt-verkum Svavars Guðnasonar. Sýningin fjallar um afmarkað tímabil í sögu þessa helsta frumkvöðuls abstrakt-málverksins á Íslandi og er þriðja sýningin sem Jón Proppé sýningarstjóri með verkum Svavars í safninu. Sýningin opnaði á Húsnáttúrlegi, en það er vert að taka fram að nú eru opnunartímar í safninu búnir að lengjast. Allt fram í september verður hægt að heimsækja safnið á virkum dögum til klukkan sex, og um helgar milli eitt og fimm. Vetrartímarnir eru einnig lengri en í stað þess að loka klukkan þrjú þegar afgreiðslu í ráðhúsinu lýkur mun safnvörður taka á móti gestum til klukkan fimm alla virka daga í vetur.

Sett hafa verið upp skilti við Náttúrustíginn og á Ægissíðu þar sem finna má örnefni í umhverfi Hafnar. Síðastliðið sumar hóf Menningarmiðstöðin, með hjálp Náttúrustofu Suðausturlands upplýsingasöfnun á helstu örnefnum þeirra eyja og fjalla sem sjást frá Höfn, í þeim tilgangi að koma þeim á framfæri og ekki síst til varðveislu þeirra.

„Eitt megineinkenni verka hans eru litirnir. Þeir endurspeglar jökulinn, fjöllin, hafið og birtuna sem er svo einstök hér við Hornafjörð.“

Jón Proppé sýningarstjóri um Svavar Guðnason.



Menningarmiðstöð Hornafjarðar Fréttakorn

Nú hefur veturinn aldeilis minnt á sig og frostið bitið í kinnarnar. Við á Menningarmiðstöð Hornafjarðar höfum skipt um gír og erum komin í jólaslap eftir milt haust. Nýtt ár er á næsta leiti, við tökum fagnandi á móti því og horfum björtum augum fram á við. Síðastliðna mánuði hefur verið margt á dagskrá hjá okkur, fjölmargir viðburðir, sýningar, tónleikar og námskeið, svo eitthvað sé nefnt.

Vetrarstarfið

Þann 16. september síðastliðinn opnaði í Svavarssafni þverfaglega farandsýningin *Tilraun – Æðarækt -Sjálfbært samlið* og hefur hún vakið mikla eftirtekt. Þar sýna listamennirnir Anne Lass, Lisbeth Burian og Rikke Houd, Arnildur Pálmadóttir og Samuel T. Rees, Auður Ösp Guðmundsdóttir og Hanna Jónsdóttir, Baldur Björnsson og Þórey Björk Halldórsdóttir, Bjarki Bragason, Brynhildur Pálsdóttir og Ólöf Erla Bjarnadóttir, Eygló Harðardóttir, Friðgeir Einarsson og Sigrún Hlín Sigurðardóttir, Gabriel Johann Kvendseth, Hilda Gunnarsdóttir og Loji Höskuldsson, Íris Indriðadóttir og Signý Jónsdóttir, Kristbjörg María Guðmundsdóttir, Ragna Margrét Guðmundsdóttir og Völborg Guðjónsdóttir, Margrét H. Blöndal, Tanja Levý og Valdís Steinarsdóttir.

Þetta er fjölbreyttur hópur listamanna frá Danmörku, Noregi og Íslandi sem vann að sköpun sýningarinnar er sýnir samlið fuglsins og æðarbóndans og er sem rauður þráður í gegnum sýninguna.

Á komandi mánuðum munu nokkrir af ofangreindum listamönnum sem unnu verk á sýninguna vinna með grunnskólabörnum og framhaldsskólanemum í tengslum við sýninguna.

Afmæli Svavars Guðnasonar var haldið hátíðlegt 18. nóv. s.l. í Svavarssafni. Hann fæddist á Höfn þann dag 1909 og var helsti brautryðjandi abstrakt-málverksins á Íslandi. Boðið var upp á hressandi tóna frá Ekrubandinu og leiðsögn um skrifstofur Ráðhússins en þar eru mörg verk Svavars til sýnis.

Rithöfundakvöld Menningarmiðstöðvar var haldið í Nýheimum þann 24. nóvember og að þessu sinni kynntu eftirfarandi rithöfundar nýútkomnar bækur sínar: Arndís Þórarinsdóttir las upp úr barnabók sinni *Kollhnís* við mikla lukku áhorfenda. Edda Falak kynnti og las uppúr bók sinni *Það sem ég hefði viljað vita*. Arnþór Gunnarsson sem er Hornfirðingum góðkunnur las valda og skemmtilega kafla upp úr bók sinni um Ungmennafélagið Sindra, *Félag unga fólksins - Saga ungmennafélagsins Sindra 1934-1966*. Fyrirhugað var að rithöfundurinn Steinar J. Lúvíksson læsi upp úr bók sinni *Skipin sem hurfu* en því miður þurfti Steinar að boða forföll. Í hans stað las Snæbjörn Brynjarsson, safnvörður Svavarssafns upp úr bók Steinars. Þá las Emil Hjörvar Petersen valda og óhuggulega kafla upp úr glæpasögu sinni *Dauðaleit* og loks kynnti Elísabet Jökulsdóttir fyrir okkur nýútkomna bók sína *Saknaðarilmur*, en fyrir um daginn framkvæmdi hún einnig áhugaverðan og fallegan gjörning á Svavarssafni sem vakti mikla athygli og umtal um land allt. Kvöldið var hið skemmtilegasta og fór aðsóknin fram úr björtustu vonum.

Á bókasafninu er nú uppi sýningin - *Skessur sem éta karla - mannát og femínismi*. Sýningin er afrakstur rannsókna Dagrúnar Óskar Jónsdóttur þjóðfræðings sem rannsakað hefur mannát í íslenskum þjóðsögum. Þar sýnir Dagrún hvernig

mannát birtist í þjóðsögnum og hvað það getur sagt okkur um samfélagið sem sögurnar urðu til í. Dagrún fléttar saman í rannsóknum sínum, þjóðsögnum og nútíma hugmyndum um femínisma og bregður þannig ljósi á nýjar hliðar, annars vegar á þjóðsögnum og hins vegar ójafnrétti kynjanna. „Þjóðsagnir endurspeglar á vissan hátt hugmyndaheim og heimsmynd þeirra sem þeim safna og þær skrifa. Tröllskessur ráða ríkjum í tröllaheiminum og í sögum af mannáti eru það nánast alltaf tröllskessur sem éta mennska karlmenn. Það voru aðallega karlar sem söfnuðu, skrifuðu og gáfu út þjóðsagnaefni og hafa fræðimenn velt því fyrir sér hvort þessi birtingarmynd kvenna sem éta karla geti endurspeglar á einhvern hátt ótta karla við að missa völd sín yfir konum“ segir Dagrún. Niðurstöðum sínum miðlar Dagrún á veggspjöldum sem eru fagurlega myndskreytt með vatnslitamyndum Sunnevu Guðrúnar Þórðardóttur.

Skóla- og leikskólabörn hafa verið duglega að heimsækja bæði lista- og bókasafnið í ár og mikið er lagt upp úr því að kynna börnunum heim lista og bókmennta. Listasmiðjur og bókaletur hafa einnig verið í boði í ár og mun vera það áfram á nýju ári.

Aðventuhátíð sveitarfélagsins var haldin fyrstu helgina í aðventu. Mikill fjöldi var þarsaman kominn, jólasveinar voru á sveimi um húsið, jólaföndur og andlitsmáling í boði í „Jólaalandi barnanna“ á bókasafninu. Tónlist ómaði



um húsið, hljómsveitin Fókus tók lagið, karlakórinn Jökull söng falleg lög og sáldraði yfir okkur jólagleði á sinn einstaka hátt. Jólamarkaðurinn var vel sóttur en að honum stóðu Umhverfis Hornafjörður, Nýheimar þekkingarsetur og Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Í lok dags voru ljósin kveikt á jólatré sveitarfélagsins og í ár var það Embla Mjöll Sigurjónsdóttir nemandi í 1. bekk Hafnarskóla sem kveikti á trénu. Það var skemmtileg jólastemning um alla Nýheima og miðbæ Hornafjarðar þennan fyrsta laugardag í aðventu.

Menningarmiðstöðin mun standa fyrir skipulagðri dagskrá á aðventunni og bjóða upp á lestrarstund barna á bókasafninu og samverustund fyrir börn og fullorðna með Nikolinu Tintor og sitthvað fleira. Nú er um að gera að kíkja á Svavarssafn og fræðast um æðarfugla og samlífi þeirra með manninum, rölta yfir á bókasafnið og skoða sýninguna um Skessur sem éta karla, krækja sér í góða bók fyrir jólalesturinn í leiðinni og leyfa börnunum að föndra í Jólalandi barnanna.

Skráning menningarminja

Á árinu hefur Menningarmiðstöðin unnið að skráningu fornra eyðibýla í sveitarfélaginu, í samstarfi við Þórbergssetur. Samstarfið byggist á að skrá þessi fornu býli með ítarlegum hætti og vegna umfangs verkefnisins er skráningu skipt í fimm hluta, eftir

sveitum héraðsins. Í maí 2020 hófst undirbúningur og upphaf vettvangsvinnu. Byrjað var að skrá og ljósmynda öll forn býli í Suðursveit og nú er unnið að skráningum á Mýrum. Allar jarðlægar minjar sem heyra undir hvert býli, eru leitaðar uppi, mældar með staðsetningartæki, ljósmyndaðar og skráðar. Þá eru tóftum, garðlögum og öðrum mannvirkjum lýst. Yfir verkefninu eru Sigríður Guðný Björgvinsdóttir, landfræðingur hjá Menningarmiðstöð ásamt Þorbjörgu Arnórsdóttur og Fjölur Torfasyni frá Þórbergssetri. Verkefnið var fyrst kynnt almenningi á vormánuðum 2021, með ljósmyndasýningu ásamt opnun á nýrri vefsíðu, www.busetuminjar.is. Hvetjum við alla sem hafa áhuga eða upplýsingar um forn bæjarstæði í sveitarfélaginu til að hafa samband við Sigríði eða Þorbjörgu, allar upplýsingar eru mikilvægt framlag í skráningu af þessu tagi.

Í byrjun árs hóf Menningarmiðstöðin að flokka og skrásetja menningarminjar á Kvískerjum og var það mjög umfangsmikið verkefni. Þessar minjar eru ýmis rannsóknar- og vísindagögn, bókasafn, munir og minjar daglegs lífs auk listmuna og smíðisgripa. Auk þess voru í útihúsum áhöld og verkfæri og aðrir munir frá langri sögu búsetu á Kvískerjum. Alls voru fluttar 300 öskjur af skjölum á héraðsskjalasafnið og 7 bretti af munum í varðveisluhúsnæði byggðasafnsins. Er það verkefni starfsmanna að skrásetja þennan safnkost og undirbúa til framtíðar varðveislu.





Dagskrá bókasafnsins í desember 2022:

- 3. des. Lesstund og jólaföndur kl. 13:30.
- 3. des. Samverustund fyrir börn og fullorðna með Nikolina Tintor kl. 14:00.
- 7. des. Þrjónakaffi kl. 13:00.
- 10. des. Lesstund og jólaföndur kl. 13:30.
- 10. des. Jólasamverustund fyrir börn og fullorðna með Nikolina Tintor kl. 14:00.
- 12.-23. des. Lesum um Jólasveinanna úr bókinni Jólin koma eftir Jóhannes úr Kötlum.
- 14. des. Þrjónakaffi kl. 13:00.
- 17. des. Lesstund og jólaföndur kl. 13:30.
- 21. des. Þrjónakaffi kl. 13:00.
- 28. des. Þrjónakaffi kl. 13:00.

Opnunartími bókasafnsins virka daga milli jóla og nýárs verður 11:00-15:00.

Opnunartími Svavarssafn virka daga milli jóla og nýárs verður 09:00-15:00.



MENNINGARMIDSTÖÐ
HORNAFJARÐAR

Nýhelmar, Litlabrú 2 - 780 Höfn
Sími: 470 8050 - www.mmh.hornafjordur.is



Viðauki 5

Þér er boðið á 20 ára afmælishátíð Nýheima

Litlubrú 2 - 27. ágúst - kl.: 13-16

13:00 – 14:00

Hátíðardagskrá á Nýrtorgi, kynnir er Ragnhildur Jónsdóttir

Hátíðarerindi:

Gísli Sverrir Árnason, fyrrum formaður byggingarnefndar Nýheima

Eyjólfur Guðmundsson, fyrrverandi skólameistari FAS

Sigurjón Andrússon, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Tónlistaratriði frá Tónskóla Hornafjarðar

14:00 – 16:00

Hátíðarkaffi á Nýrtorgi í boði Sveitarfélagsins Hornafjarðar

14:00 – 16:00

Náttúrustofa Suðausturlands sýnir frá starfi sínu og verður að auki með til gamans nokkrar hauskúpur sem fólk getur spreytt sig á að þekkja, einnig verða spennandi hlutir til að skoða bæði í víðsjá og smásjá.

Auk þess verður hægt að hlusta á brot úr viðtölum við konur úr Sveitarfélaginu sem tekin voru fyrir verkefnið „Fortíðarsamtal fyrir framtíðina“.

14:00 – 16:00

Vöruhúsið verður með tæki og verkefni til sýnis

14:00 – 16:00

Stuttmyndir frá stofnunum Nýheima sýndar í fyrirlestrarsal

14:00 – 16:00

Náttúrubíngó í boði Vatnajökulspjóðgarðs

14:00 – 15:00

Listasmiðjur fyrir krakka inni á bókasafni. Starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar leiðir listasmiðjur fyrir alla krakka. Unnið verður með efnivið úr náttúrunni sem skoðaður verður í smásjám.

14:30

Tónlistaratriði á Nýrtorgi: hljómsveitin Fókus

15:00

Tónlistaratriði á Nýrtorgi: Björg Blöndal & Þorkell Ragnar

15:30

Tónlistaratriði á Nýrtorgi: Luiz og Amylee

15:30 – 16:00

Verðlaun afhent þátttakendum Lestrarhestsins 2022



